

Harpa Jónsdóttir

# ÉG OG SAMFÉLAGIÐ



## KENNSLULEIÐBEININGAR



MENNTAMÁLASTOFNUN

## Ég og samfélagið

ISBN 978-9979-0-2901-4

Kennsluleiðbeiningar

© 2023 Harpa Jónsdóttir, grunnskólakennari

Ritstjóri: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Málfarslestur: Magdalena Björnsdóttir

Menntamálastofnun

Kópavogur

Allur réttur áskilinn

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

# Efnisyfirlit

## Til kennara

Hæfniviðmið aðalnámskrár

Lykilhæfni

## Samfélagið okkar

Hvað er samfélag?

Tígrisdýr eru einfarar og

ljón eru félagsverur

Einfari

Hvaða samfélögum tilheyrir þið?

Sumt er eins en annað ekki

Brasilía

Eru Íslendingar öðruvísi en aðrir?

Þorramatur

Dagur íslenskrar tungu

Fjölmenningsamfélag

Fordómar

Matarmenning

Fjölbreytt menning

Hrekkjavaka

## Samvinna

Hver á að gera hvað?

Hverjir ráða?

Gaman saman

Öryggi

Samvinna

Umönnun

Þekking og reynsla

5

5

6

8

9

10

10

11

12

12

12

13

13

14

14

15

15

15

16

16

17

17

17

18

18

19

## Ísland er landið

Gamla Ísland

Þrælar og ambáttir

Landnemar

Víkingar

Ísland fyrir 150 árum

Stórar fjölskyldur – lítil hús

Vöruskipti

Ég fer í fríið

Hverjir lifa lengst?

AAtsjÚÚÚ!

Hvað hefur breyst?

## Lýðræði

Hvað merkir orðið lýðræði?

Hver býr til reglurnar?

Einræði – Lýðræði

Stjórn málaflakkar

Kvenréttindadagurinn 19. júní

Beint lýðræði – Óbeint lýðræði

## Hver ræður á Íslandi?

Lýðveldi

Forseti Íslands

Alþingi og kosningar

Kjördæmi

Verð ég að kjósa?

Sveitarfélög

Ríkisstjórnin

Skattar og skyldur

20

20

21

21

21

22

23

23

24

25

25

26

27

27

28

28

29

29

30

31

32

32

33

34

34

35

35

36

<b>Hvers vegna eru lög og reglur?</b>	<b>37</b>	<b>Út að aka</b>	<b>53</b>
Hvað má og hvað ekki?	37	Umferðarreglur	53
Lagið um það sem er bannað	37	Umferðarmerki – til hvers?	54
Reglur í fjölskyldunni	38	Farartæki barna og unglinga	54
Reglur í skólanum	39	Slys á börnum	55
Reglur í samfélaginu	40	Neyðarlínan	56
<b>Dómstólar</b>	<b>41</b>	Öryggisbelti	57
Ósætti og refsingar	42	Endurskinsmerki	57
Hvernig er hægt að leysa úr deilumálum?	42		
Barnasáttmálinn	42		
Sakamál	43		
Lögregla	43		
Börn sem vitni	44		
Börn sem brjóta af sér	44		
Dómstólar	44		
<b>Fjölmiðlar</b>	<b>45</b>		
Hvað er að fréttu?	46		
Upplýsingaöld	47		
Er það satt og falsfréttir?	47		
Ekkert hatur	48		
Netið hefur breytt lífi fólks	48		
Hversu mikil netnotkun?	49		
Tölvufíkn	49		
Má setja hvað sem er á netið?	50		
Stafrænt ofbeldi	51		
Áður en þú byrjar	51		
Z–X–Y kynslóðirnar	52		

## TIL KENNARA

Samfélagsgreinar eru í eðli sínu þverfaglegt viðfangsefni sem samanstendur meðal annars af félagsfræði, mannfræði, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki, sálfræði, kynjafræði og siðfræði. Þannig má segja að samfélagsgreinum sé fátt mannlegt óviðkomandi. Samfélagsgreinar hjálpa börnum að skilja veröldina í kringum sig, jafnt nærsamfélög og nánustu fjölskyldu sem stærri samfélög og heiminn allan.

Fyrsti kafli í bókinni fjallar um margs konar samfélög og menningu. Í öðrum kafla er meðal annars litið til samvinnu og samveru. Í þriðja kaflanum er fjallað fyrri tíma, bæði á Íslandi og annars staðar. Fjórti kafli skoðar lýðræði frá ýmsum sjónarhornum. Fimmti kafli heldur áfram á svipaðri braut með því að segja frá stjórnarfræði á Íslandi. Sjötti og sjöundi kafli fjalla um lög, reglur, dómstóla og fleira því tengt. Í áttunda kaflanum er röðin komin að fjölmiðlum og netinu og níundi og síðasti kafli fjallar um umferðarreglur, faratæki, öryggi og slys.

Allir kaflarnir geta staðið einir og hægt er að kenna efnið í þeirri röð sem hentar hverju sinni.

Hverjum kafla í bókinni fylgja verkefni og spurningar. Þessi verkefni er hægt að nota til að rifja upp efni kaflanna eða vinna þau meðfram þeim undirköflum sem þau tengjast. Í þessum kennsluleiðbeiningum eru fleiri verkefni og hugmyndir sem ætlað er að dýpka vinnu nemenda og tengja efnið við líf þeirra, þekkingu og reynslu og einnig aðrar námsgreinar. Flest verkefni bókarinnar og kennsluleiðbeininganna geta bæði verið hóp- og einstaklingsverkefni.

*Ég og samfélagið* er önnur bókin í þriggja bóka flokki. Hinar eru *Ég og sjálfsmyndin* sem er þegar komin út og *Ég og umheimurinn* sem er væntanleg síðar.

Bókin byggir á grunnþáttum menntunar eins og þeir eru skilgreindir í Aðalnámskrá grunnskóla. Sérstök áhersla er lögð á grunnþættina jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, læsi og sköpun.

## Hæfniviðmið aðalnámskrár

Ég og samfélagið tekur mið af hæfniviðmiðum við lok 7. bekkjar, sérstaklega í samfélagsgreinum, lykilhæfni og íslensku. Náms efnið hentar vel til þverfaglegar kennslu og samþættingar, meðal annars við listgreinar og upplýsinga- og tæknimennt. Val kennara hefur talsverð áhrif á hvaða hæfniviðmiðum er mætt í hverjum kafla og verkefni og kennarar geta bætt við eða tekið frá hæfniviðmiðum eftir því sem hentar hverju sinni.

### Samfélagsgreinar – Reynsluheimur

Nemandi getur:

- fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta,
- greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf,
- aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.
- notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni,
- metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,
- velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum,
- lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti,
- dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar,
- gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra,

- lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta,
- gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins,
- gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu,
- séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.

### Samfélagsgreinar – Hugarheimur

Nemandi getur:

- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu,
- metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra,
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.

### Samfélagsgreinar – Félagshæfni

Nemandi getur:

- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt,
- rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,
- tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum,
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,
- nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda,
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra,
- rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt,
- sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

## Lykilhæfni

### Lykilhæfni – Tjáning og miðlun

Nemandi getur:

- tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum,
- gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni,
- hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,
- tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni,
- gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni.

### Lykilhæfni – skapandi og gagnrýnin hugsun

Nemandi getur:

- spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna,
- áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum,
- vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.

### Lykilhæfni – Sjálfstæði og samvinna

Nemandi getur:

- gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það,
- unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla,
- gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum,
- haft á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi.

### Lykilhæfni – Nýting miðla og upplýsinga

Nemandi getur:

- notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálparkæmi við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám,
- notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda,
- sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.

### Íslenska – Talað mál, hlustun og áhorf

Nemandi getur:

- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,
- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,
- nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt,
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

### Íslenska – Lestur og bókmenntir

Nemandi getur:

- aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga,
- lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.

### Íslenska – Ritun

Nemandi getur:

- skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur,
- valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni,
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,
- skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.

Markmið þessa kafla eru meðal annars að nemendur þekki og skilji hugtakið samfélag og geri sér grein fyrir að hver einstaklingur tilheyrir mörgum samfélögum og hópum. Einnig að nemendur geri sér nokkra grein fyrir mismunandi menningu og aðstæðum fólks.

### Lykilhugtök kaflans

**Samfélag** er hópur fólks sem er í meira eða minna skipulögðum félagsskap. Fólk sem hefur samskipti hvert við annað myndar samfélag. Fólk í samfélagi fylgir oft sömu reglum og lögum og það hefur tilfinningu fyrir að tilheyra sama samfélagi.

**Félagsvera** er einstaklingur, dýr eða vera sem þrífst best í félagsskap við aðra. Mannfólk er almennt félagsverur.

**Einfari** er einstaklingur, dýr eða vera sem sækist eftir einveru.

**Félagslyndi** er að líka vel og sækjast eftir að vera í félagsskap við aðra. Mannblendni.

**Fjölskylda:** Fjölskylda er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila saman til dæmis tómsundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Fjölskyldur geta verið alls konar en algengt form er fullorðin manneskja eða manneskjur ásamt barni eða börnum.

**Sveitarfélag:** Sveitarfélög fara með staðbundna stjórnsýslu. Sveitarfélög sjá yfirleitt um grunnþjónustu við borgarana á borð við sorphirðu, rekstur skóla og almenningsamgöngur. Sveitarfélög ná yfirleitt yfir skýrt afmarkað svæði svo sem borg, bæ, þorp eða hérað.

**Mannkyn:** Allt fólkið sem býr á jörðinni.

**Skólaskylda:** Öll börn á aldrinum 6–16 ára eiga að sækja grunnskóla, nema sérstakar undanþágur séu veittar.

**Frumbyggji:** Upprunalegur íbúi lands eða svæðis. Til dæmis þegar Evrópumenn fundu Ameríku þá bjuggu frumbyggjar þar.

**Regnskógur:** Sígrænn skógur með lauftrjám, oftast í hitabeltinu, þar sem úrkoma er mikil flesta mánuði ársins.

**Amason regnskógurinn:** Stærsti regnskógur heims. Mikill hluti skógarins (60%) er í Brasilíu en skógurinn teygir sig líka yfir í Perú, Kólumbíu, Bólivíu, Ekvador, Franska Gvæjana, Gvæjana, Súrínam og Venesúela.

**Fjölmenningsarsamfélag** er samfélag þar sem menningarhefðir úr mörgum áttum blandast saman.

**Innflytjandi** (hér) er einstaklingur með fasta búsetu utan síns fæðingarlands.

**Nýbúi** er manneskja sem hefur flust til nýs lands til að setjast þar að.

**Dís** er yfirnáttúruleg kvenvera.

**Dísablót** er trúarathöfn til að heiðra dís eða dísir.

**Fordómar** eru að dæma einhvern eða eitthvað fyrir fram, oftast neikvætt, án skilnings eða þekkingar.

**Kynþáttur** (e. race) er hugtak sem er oft notað til að skilgreina hópa fólks, til dæmis frá ákveðnum landsvæðum eða eftir erfðum og útlitseinkennum.



## Umræður í upphafi:

Áður en vinna með kaflann hefst er gott að ræða við bekkinn um skilning þeirra á orðinu samfélag og biðja nemendur að nefna dæmi um samfélög sem þeir þekkja.

Í 5. útgáfu íslensku orðabókarinnar frá 2010 er orðið samfélag skilgreint sem „samvist, samvera“ annars vegar og „stærri eða smærri hópur manna sem lifa saman (samtímis, á sama stað, í sama ríki o.s.frv.), þjóðfélag“ hins vegar.

Það getur verið skemmtilegt að rýna aðeins í þessi orð með bekknum því þau eru gegnsæ og lýsandi. Til dæmis sam+félag – félag eða félagar sem eru saman, sam+vera – að vera saman og svo framvegis.

## Hvað er samfélag? Bls 4–5

### Hvaða hópum tilheyrum við?

#### Hugstormun eftir lestur bls. 4 og 5:

Kennari biður nemendur að nefna alla hópa sem þeir tilheyra og skrifar þá jafn óðum á töflu eða skjá. Þegar listinn er tilbúinn getur verið gaman að flokka hann í flokka svo sem vini, tómstundir, fjölskyldu, búsetu og svo framvegis.

## Umræða úr frá myndum á bls. 5

**Kennari:** Stundum eru hlutverk í hópum greinileg og vel skilgreind. Í kórum er oftast stjórnandi og meðlimum kórsins er gjarna skipt í tvær eða fleiri raddir, til dæmis sópran og alt. Í íþróttaliðum eru sérhæfð hlutverk eins og markvörður, framherji og varnarmaður og í skólabílnum eru farþegar og bílstjóri.

Í öðrum hópum eru hlutverkin ekki eins greinileg. Hugsaðu þér til dæmis vinahóp. Þar eru ekki skilgreind hlutverk eins og í íþróttaliði. En hafa allir meðlimir vinahópsins sama hlutverk? Í hópnum gæti til dæmis verið einhver sem tekur ákvarðanir og stjórnar því sem hópurinn gerir, einhver sem grínast, einhver sem segir lítið en fylgir hópnum og svo framvegis. Athugið að meðlimir hópa geta verið með fleiri en eitt hlutverk samtímis, eða flakkað á milli hlutverka.

### Spurningar til nemenda:

- Hvaða hópar eru með greinilega hlutverkaskiptingu meðlima?
- Hvaða hópar hafa ekki eins greinilega hlutverkaskiptingu?
- Hugsaðu um hópana sem þú tilheyrir og hlutverk þitt í þeim. Í hvaða hópum eru hlutverkin greinileg og hvar ekki? Í hvaða hópum hefur þú fleiri en eitt hlutverk?

### Tengd verkefni í bókinni: Verkefni 1 bls. 20

## Tígrisdýr eru einfarar og ljón eru félagsverur Bls. 6–8

### Verkefni nemenda:

Vinnið saman í hópum og veljið ykkur eitt dýr sem er einfari (e. solitary animal) eða félagsvera (e. social animal). Aflið ykkur upplýsinga um lífnaðarhætti dýrsins. Deilið upplýsingunum með bekknum og kennaranum. Þið ráðið hvernig þið komið upplýsingunum á framfæri. Þið getið til dæmis skrifað stutta skýrslu og kynnt hana í bekknum, teiknað skýringarmyndir, búið til myndasögu eða leikpátt. Þetta þarf að koma fram, sama hvaða form þið veljið:

- Hvar lifir dýrið?
- Helstu einkenni dýrsins.
- Hvers vegna er þetta dýr einfari/félagsvera?
- Við hvaða aðstæður umgengst dýrið önnur dýr af sömu tegund?
- Ein skemmtileg staðreynd um dýrið.

Þetta verkefni byggir ofan á verkefni 3 á bls. 21.

## Einfari bls. 7

### Einfari eða einmana? Verkefni nemenda:

Kennari ræðir muninn á því að vera einn/n/tt og að vera einmana. Hér getur verið gott að biðja nemendur fyrst að skýra muninn og bæta svo við, ef þess þarf. Til dæmis svona: Orðið einn (ein, eitt) er hlutlaust. Viðkomandi manneskja er ein. Orðið segir ekkert um hvað henni finnst um það, aðeins að hún er ekki með öðrum. Orðið einmana er aftur á móti gildishlaðið. Manneskja sem er einmana saknar samvista við aðra.

Í þessu verkefni vinna nemendur saman í pörum. Þeir skipta auðu blaði í tvennt og túlka manneskju eða dýr sem er einfari öðrum megin og manneskju sem er einmana hinum megin. Nemendur mega nota myndir, tákni, orð eða liti til að túlka muninn á þessum hugtökum. Að lokum hengja nemendur blöðin upp í bekknum og skoða blöð hinna.

### Umræður um mynd:

Hver er á myndinni? (Appelsínugulur kirtill og hárlaust höfuð benda til þess að á myndinni sé Búddamunkur eða nunna).

1. Hvað er munkur og nunna?
2. Hvar búa þau?
3. Búa munkar og nunnur ein?
4. Hvað gera munkar og nunnur?
5. Hvernig fá þau peninga til að lifa?

### Aukaverkefni:

Áhugasamir nemendur geta kynnt sér líf Búddamunka eða nunna, einir eða í minni hópum, og kynnt svo niðurstöður sínar fyrir bekknum.

### Aukaverkefni – Söngur einfarans

Flestir nemendur kannast líklega við dægurlög sem fjalla um einmanaleika. Það þarf ekki annað að slá inn orðunum *lonely* eða *einmana* inn á streymisveitur til að fá tugi ef ekki hundruð niður-

staðna. En þekktu þeir lag um sáttan einfara? Hvernig myndi svoleiðis texti hljóma? Og hvernig lag myndi passa við?

Nemendur vinna í hópum og búa til hugmynd að lagi og texta um sáttan einfara. Þeir sem hafa áhuga geta klárað verkefnið með því að búa til lag og texta og flytja afraksturinn í bekknum.

## Hvaða samfélögum tilheyrir þið? Bls. 9

### Umræður í upphafi:

1. Hvað er fjölskylda?
2. Eru allar fjölskyldur eins? Hvernig eru þær ólíkar?
3. Hvað er stórfjölskylda? Hverjir tilheyra henni?
4. Hversu margir gerðir af fjölskyldum eru hjá nemendum í hópnum.

### Feitletur orð – skilgreiningar

Nemendur vinna saman í námsþörum og fá afmarkaðan tíma, til dæmis þrjár mínútur, til að ræða feitletruðu hugtökin og skrifa skilgreiningar sínar niður. Kennari minnir á að hér er ekki verið að leita að réttum eða röngum svörum, aðeins þeim skilningi sem nemendur leggja í hugtökin.

Þegar tíminn er liðinn kynna þörin niðurstöður sínar. Kennari og/eða ritarar bekkjarins skrá skilgreiningarnar jafnóðum á töfluna. Hér getur verið gott að skrifa niður fyrstu skilgreininguna og bæta svo við því sem hin þörin leggja til, þannig að það sé ekki verið að skrifa það sama margsinnis.

Kennari stjórnar umræðum um niðurstöðurnar. Er mikill munur á þeim, eða er bekkurinn að miklu leyti sammála? Getur bekkurinn kannski sameinast um skilgreiningar á hugtökunum?

### Verkefni nemenda:

Hér er tilvalið að skipta bekknum upp í hópa og fela hverjum hópi að finna svör við eftirfarandi spurningasettum:

- Hvað heitir skólinn ykkar? Hvenær var skólinn stofnaður? Hvað eru margir nemendur í honum? Nefnið eina til þrjár skemmtilegar staðreyndir um skólann eða umhverfi hans.\*
- Hvað heitir sveitarfélagið ykkar? Hvenær var það stofnað? Hvað er margir íbúar í sveitarfélaginu? Nefnið eina til þrjár skemmtilegar staðreyndir um sveitarfélagið og/eða umhverfi þess.
- Hvað búa margir á Íslandi? Nefnið þrjú lönd sem eru með svipaðan mannfjölda og Ísland. Um það bil hvenær settust fyrstu landnemarnir að á Íslandi? Nefnið eina til þrjár skemmtilegar staðreyndir um Ísland.
- Hvernig skrifar þú átta þúsund milljónir með tölustöfum? Hver eru þrjú fjölmennustu lönd jarðarinnar? Hvað búa margir í hverju þeirra? Nefnið eina til þrjár skemmtilegar staðreyndir um mannkynið.

\* skemmtilegu staðreyndirnar geta verið hvað sem er. Til dæmis: Það er álfahóll á skólalóðinni, afrek nemenda skólans (Skólahreysti, Skrekkur...), íþróttafélag í sveitarfélaginu, þekkt kennileiti í sveitarfélaginu eða á landinu, uppruni nafna, lega landsins (lengdar- og breiddargráður), og svo framvegis.

## Sumt er eins en annað ekki bls. 10

### Teikniverkefni í upphafi:

Kennari biður nemendur að teikna það fyrsta sem þeim dettur í hug þegar þeir hugsa um fyrsta skóladaginn á til dæmis 10 mínútum og leggur áherslu á að teiknigeta eða stíll skipta ekki máli, Óli prik dugar alveg.

Þegar mínúturnar eru liðnar setjast nemendur saman í litla hópa, sýna myndirnar og segja frá þeim.

### Umræða:

- „Börnum er kennt að lesa, skrifa og reikna“ segir í textanum á blaðsíðunni. Það er vissulega rétt, en hvað fleira læra börn í íslenskum skólum?
- Hvað finnst þér nauðsynlegt að kunna til að komast vel af í lífinu? Er það kennt í skólanum? Ef ekki, hvar getur þú lært það?

## Brasilía bls. 11

Í upphafi: Kennari sýnir nemendum heimskort þar sem löndin eru ekki merkt með nafni.

[Til dæmis þetta](#) og spyr nemendur:

- Hvar er Brasilía?
- Í hvaða heimsálfu er landið?
- Hvaða lönd liggja að Brasilíu?

### Verkefni til viðbótar við spurningarnar á síðunni:

- Hugsid ykkur að þið hafið eina viku til að læra það sem þarf svo þið getið bjargað ykkur í frumskóginum í þrjá daga? Hvað er mikilvægast að læra? Hvað væri gott að kunna, en kannski ekki alveg nauðsynlegt? Skrifid lista yfir það sem þið þyrftuð að kunna og raðið atriðunum eftir mikilvægi.

### Aukaverkefni:

Hvað er regnskógur? Kynntu þér regnskóga. Til dæmis helstu einkenni þeirra, hvar þeir eru í heiminum og hvers vegna þeir eru stundum kallaðir lungu jarðar.

## Eru Íslendingar öðruvísi en aðrir? Bls. 12–13

Kveikja: [Who are the Danes?](#)

### Umræður í bekknum:

Um hvað var spurt í myndbandinu? (Who are the Danes; What is their reputation; How are the Danes?).

Til hvers var þetta myndband framleitt? Hvernig sjáið þið það?

- Kennari skiptir bekknum upp í hópa og gefur hópunum stuttan tíma (t.d. 5 mínútur) til að svara spurningunum í myndbandinu - en í þetta sinn eiga þær að fjalla um Íslendinga.
- Hóparnir kynna svörin og kennari og/eða ritarar úr bekknum skrá svörin á töflu eða skjá.
- Bekkurinn skoðar svör hópanna saman. eru svör hópanna lík eða ólík?
- Hvað svör (ef einhver) væri hægt að nota í myndbandi sem ætti að laða fólk til Íslands?
- Hvaða svör (ef einhver) gætu hentað í fræðslufni um Ísland og Íslendinga?
- Er hægt að svara svona spurningum yfirleitt svo vel sé?

Tengt verkefni úr bókinni: Verkefni 2 bls. 21.

## Aukaefni:

Fólk lærir hvert af öðru. Hugmyndir berast á milli landa og stundum getur verið erfitt að sjá uppruna hlutanna.

*Ég er kominn heim* er gjarna sungið á landsleikjum og íþróttaviðburðum. En hvaða kemur þetta lag? [Er það íslenskt?](#) Hér má gjarna vekja athygli nemenda á að lagið er nokkuð mikið breytt í íslensku útgáfunni og biðja þá að taka eftir því hvað er breytt og hvað ekki.

Hvað með víkingaklappið? Það hlýtur að vera [alíslenskt – eða hvað?](#)

Dettur ykkur eitthvað fleira í hug sem virðist íslenskt að uppruna, en er það ekki í raun?

## Þorramatur bls. 14

Umræður um mynd:

- Hvað er á bakkanum?
- Mest af matnum er súrsað, þurrkað eða reykt. Hvers vegna var fólk að gera þetta við matinn? (Fyrir tíma rafmagns og ísskápa gat verið vandasamt að geyma mat. Lömbum var til dæmis slátrað á haustin og kjötið þurfti helst að endast fram á vor. Salt var lúxusvara og matur var því reyktur, þurrkaður, kæstur eða settur í súr.)

### Um þorramatinn:

Þorramatur er hefðbundinn íslenskur matur, t.d. súrmatur, flatkökur, hangikjöt og hákarl. Oft borðaður á þorranum og á þorrablótum. Þorri er gamalt mánaðarheiti. Þorrinn hefst föstudaginn í 13. viku vetrar (19-26 jan.). Þorrablót er veisla með þorramat sem haldin er á þorranum.

- Svið eru oftast haus af kind sem hefur verið sagaður í tvennt og sviðinn með eldi áður en hann er soðinn.
- Lifrarpylsa er matur sem er gerður úr hakkaðri kindalifur, mjöli og mör (kindafitu) og soðinn í litlum pokum úr kindamaga (vömb) eða plasti.
- Blóðmör er matur sem er gerður úr kindablóði, mjöli og mör (kindafitu) og soðinn í litlum pokum úr kindamaga (vömb) eða plasti.
- Hrútsþungar eru þungar af hrútum. Oftast súrsaðir fyrir suðu.
- Að súrsa er að gera mat súran með því að leggja hann í mysu til að auka geymsluþol.
- Mýsa er vökvi sem skilst frá þegar mjólk er hleypt við skyr- eða ostagerð.

## Dagur íslenskrar tungu bls. 15

**Kveikja:** Kennari sýnir nemendum [lista yfir nýyrði Jónasar Hallgrímssonar:](#)

Hvað eiga flest nýyrði Jónasar sameiginlegt? (Þau eru samsett og lýsandi t.d. hring-braut, haga-mús, lin-dýr og tungl-myrkvi.

### Nýyrðasmiðja bekkjarins – hópvinna:

- Hugið um orð sem þið segið oft eða alltaf á ensku. Til dæmis orð tengd tölvuleikjum og tækni. Skrifðið orðin á blað.
- Eru til íslenskar þýðingar á þessum orðum?
- Leitið til dæmis í orðabókum, [Íðorðabankanum](#) og [Hugtakasafni þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins](#). Þið getið líka spurt aðra hópa, rætt við fullorðna eða fundið ykkar eigin leiðir.
- Skrifðið íslensku þýðinguna við orðin.
- Ef þið finnið enga þýðingu, eða ef ykkur finnst íslenska útgáfan ekki nógu góð, þá smíðið þið

nýyrði eins og Jónas gerði. Kynnið nýyrðin ykkar í bekknum. Ef ykkur tekst að smíða frábær orð þá getið þið komið þeim á framfæri við [Íslenska málstöð](#).

### Þjóðsöngvar – verkefni nemenda:

- Nemendur vinna saman í hópum og skoða texta þjóðsöngva að eigin vali. Þeir mega velja hvaða þjóðsöng sem er (ef þeir geta skilið textann eða fundið leið til þess). Þeir eiga að skoða öll erindin, ekki bara það fyrsta. Hér er gott að minna nemendur á að þeir þurfa ekki að skilja hvert einasta orð, það er nóg að átta sig á merkingunni.
- Hver hópur tekur saman efni textans og skrifar örfá orð þar sem lýsa efninu og laginu. Til dæmis: sálmur, fjallar um guð, landið og tímann, frekar erfitt að syngja; fjallar um að guð eigi að vernda kónginn, auðvelt að syngja - og svo framvegis. Hópurinn kynnir sér líka þjóðfána landsins og útvegar eða útbýr mynd af honum.
- Þegar allir hóparnir eru tilbúnir þá kynna þeir „sinn“ þjóðsöng og þjóðfána í bekknum og spila þjóðsönginn fyrir bekkinn.

### Til gamans:

Það er algengt að fólk kunnir bara fyrsta erindi þjóðsöngs. Það er tekið mið af þessu í [þjóðsöng borgríkisins Ankh Morpork](#), sem er hluti af fantasíuheimi rithöfundarins Sir Terry Pratchett. Seinna erindið samanstendur þannig að miklu leyti af ner ner ner ner ner. Lagið var spilað í þætti útvarps BBC um þjóðsöngva þann 15. janúar 1999.

## Fjölmenningsamfélag bls. 16

Kveikja: [What Does 'Multicultural' Mean?](#)

### Umræður og verkefni út frá myndbandinu:

- Nefndu eitt atriði sem þér fannst merkilegt, eitt sem kom á óvart og eitt sem þú vissir fyrir.
- Útskýrðu orðið fjölmennig í einni stuttri setningu.
- Útskýrðu orðið fjölmennig myndrænt, án orða. Þú getur notað hvaða tækni sem er, til dæmis teikningu eða klippimynd.

## Fordómar bls. 17

**Umræður:** Tekur þú eftir fordómum í kringum þig? Getur þú nefnt dæmi?

Kennari eða ritari/ar bekkjarins skrá jafn óðum á töflu eða skjá. Listinn getur komið að gagni í næsta verkefni.

### Fordómafræðararnir – leikpáttur:

- Nemendur vinna saman í litlum hópum og búa til leikpátt út frá eigin reynslu af fordómum eða með því að styðjast við listann úr síðasta verkefni.
- Í leikþættinum verður manneskja fyrir fordómum af einhverju tagi. Eitt eða fleiri vitni ganga inn í aðstæðurnar og fræða fordómapésann/pésana vinsamlega en ákveðið.
- Hver hópur semur leikpátt, æfir hann og flytur hann svo í bekknum.
- Nemendur geta leikið sjálfir, notað leikbrúður, tekið myndband, leiklesið eða notað aðra aðferð að eigin vali.

## Matarmenning bls. 17

### Verkefni nemenda - maturinn okkar.

**Heimavinna:** Skrifaðu niður allar tegundir matar sem þú borðar á einum degi. Ekki skrá magnið - bara tegundina. Til dæmis: Jógúrt, banani, samloka með osti og svo framvegis.

**Vinna í skóla:** Setjist saman tvö og tvö og kynnið ykkur hvaðan maturinn á listunum ykkar er. Hér er ekki átt við sjálft hráefnið heldur rétti og uppskriftir. Skráið hvaðan uppskriftin/hugmyndin er komin (t.d. slátur - íslenskt; pítsa - ítölsk).

Teljið saman íslenska matinn og þann sem er „ættaður“ frá öðrum löndum. Reiknið út hlutfall íslenska matarins með almennum brotum eða prósentum.

Gangið um í bekknum og berið útreikninga ykkar saman við útreikninga annarra. Er hlutfallið svipað eða ólíkt?

**Tengt verkefni úr bókinni:** Verkefni 4 og 9 bls. 21.

## Fjölbreytt menning bls. 18

### Leiktími:

- Kennari skiptir bekknum í hópa. Hver hópur kynnir sér leik eða leiki sem eru á bls. 18.
- Hóparnir kenna hver öðrum leikina.
- Þegar öll eru búin að læra leikina, getur verið skemmtilegt að bjóða gestum, (til dæmis öðrum bekk eða aðstandendum) í leikjatíma þar sem krakkarnir kenna leikina og stjórna þeim.

### Ítarefni:

[Líf og leikir barna áður fyrr](#)

[Leikgleði – 50 leikir](#)

Allir í leik og Allir í leik II. Höfundur Una Margrét Jónsdóttir

[Allir í leik - útvarpsþættir](#)

## Hrekkjavaka bls. 19

**Umræður í bekknum:** Hrekkjavaka er skemmtileg og spennandi hátíð sem verður æ vinsælli hér á landi.

- Hefur hátíðin einhverja galla? Hverja þá? (Mikið af einnota plastskrauti, matarsóun þegar innihaldi graskerjanna er hent og svo framvegis).
- Er hægt að gera hátíðina umhverfisvænni? Hvernig þá?
- Áður en hrekkjavökuhátíðin barst til Bandaríkjanna var skorið í næpur og rófur í Evrópu. Væri betra að skera út rófur eða næpur hér á Íslandi frekar en grasker? (Grasker eru þung og flutt langa leið og eru þess vegna með mikið kolefnisspor. Rófur ræktaðar utanhúss á Íslandi og fluttar mun styttri leið. Rófur eru harðari en grasker og þess vegna er erfiðara að skera í þær.)

**Tengt verkefni úr bókinni:** Verkefni 5 bls. 21.

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

RÚV - Hnotskurn - [Saga Hrekkjavökunnar](#)

[Útskornar rófur á hrekkjavöku](#)

[Hrekkjavökurófur](#)

Markmið þessa kafla eru meðal annars að nemendur dýpki skilning sinn á hugtakinu samfélagi og átti sig á samvinnu, samhjálp og verkaskiptingu innan samfélaga.

**Lykilhugtök kaflans**

**Kosningar** eru formleg leið fyrir fólk að velja persónur eða hópa í ákveðin hlutverk, til dæmis í embætti eða á þing.

**Alþingi** er löggjafarþing Íslands. Hlutverk alþingis er meðal annars að setja lög.

**Alþingismaður** er manneskja sem hefur verið valin í kosningum til að sitja á þingi.

**Samfélagsverkefni** eru starfsemi eða verkefni sem eru nauðsynleg fyrir allt samfélagið.

**Starfsstétt** er hópur fólks sem vinnur sömu eða skyld störf. Til dæmis kennarar, atvinnubílstjórar og rafvirkjar.

**Ljár** er handverkfæri sem notað var til að slá gras eða skera korn og torf. Tækið samanstendur af beittu blaði (hnífsblaði) sem fest er á tréskaft.

**Hrífa** er handverkfæri sem notað er til að raka til dæmis grasi eða laufum.

**Hver á að gera hvað? bls. 24–25**

**Kveikja**, myndband um maura. Til dæmis: [Inside the ant colony](#) eða [What's Inside An Anthill](#).

**Umræður:**

- Hvað á til dæmis skólasamfélagið sameiginlegt með samfélagi maura?
- Hvað gerir mauradrottning? Hvers vegna heldur þú að hún sé kölluð drottning?
- Hugsaðu þér að þú sért einbúi sem hefur ekki neitt samneyti við annað fólk. Hvað þarft þú að gera til að lifa af?

**Spurningar á bls. 25.**

Ræðið spurningarnar neðst á blaðsíðu 25. Hér mætti skipta bekknum í hópa sem fá til dæmis fimmtán mínútur til að finna svör við spurningunum. Síðan kynna allir hóparnir sín svör. Kennari og/eða ritarar bekkjarins skrá svör fyrsta hópsins á töfluna og bæta síðan við efni sem ekki er þegar komið fram frá hinum hópunum.

Ræðið svör hópanna í bekknum. Eru þau lík eða ólík?

Er hægt að slá svörum allra hópanna saman í eitt frábært svar við hverri spurningu?



## Hverjir ráða? bls 26

### Verkefni nemenda:

Hvernig myndir þú útskýra orðin alþingismaður, alþingi og kosningar með mynd eða myndum? Teiknaðu mynd sem útskýrir eitt eða fleiri af þessum orðum. Athugaðu að það má aðeins skrifa orðið sem verið er að útskýra á myndina, ekkert annað.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Ungmennavefur Alþingis: [Kennsluverkefni](#)

Ungmennavefur Alþingis: [Hugtakasafn](#)

## Gaman saman bls. 27

Bókin *Palli var einn í heiminum* eftir Jens Sigsgaard kom fyrst út árið 1942 í Danmörku. Bókin hefur notið gífurlega vinsælda. Hún hefur verið þýdd yfir á 40 tungumál og selst í milljónum eintaka.

### Umræður:

- Hvers vegna haldið þið að bókin hafi orðið svona fræg?
- Skoðið myndirnar í bókinni. Er þetta ný eða gömul bók? Hvernig sjáið þið það?

### Spurningarnar neðst á blaðsíðu 27:

- Getur manneskja sem er ein á allri jörðinni yfirleitt gert eitthvað?
- Getur verið slæmt að gera það sem mann langar til? Hvernig þá?

Seinni spurningin gefur tækifæri til að ræða mörk. Það er, hvað er ekki gott fyrir okkur að gera, jafnvel þó okkur langi kannski stundum til þess. Hér er mikilvægt að kennari stjórnir ekki umræðum um of, heldur leyfi nemendum að ráða ferðinni.

## Öryggi bls. 28

**Hugstormun:** hvaða ofurhetjur þekkið þið? Hvernig ofurkrafta hafa þær?

### Verkefni nemenda – hversdagslega ofurhetjan.

- Hugsaðu um hversdagslega ofurhetju sem getur ekkert umfram það sem venjulegt fólk getur og lítur venjulega út.
- Hvernig gæti þannig manneskja verið ofurhetja?
- Hvað þyrfti hún þá að gera?
- Lýstu ofurhetjunni þinni með orðum, á mynd eða hvoru tveggja.

### Hvert leitar þú ef:

Þessar spurningar geta hentað til umræðu í bekknum, í minni hópum eða til einstaklingsumhugsunar. Það er líka hægt að breyta spurningunum í almennari klípusögur eins og þessar:

## Samvinna bls. 29

- Birna er í vandræðum með heimaverkefni. Hún skilur ekki hvað hún á að gera því hún var svolítið utan við sig í skólanum og gleymdi að fylgjast með. Foreldrar hennar geta ekki hjálpað henni og hún á engin systkini. Hvað getur hún gert?
- Stein vantar nýja úlpu. Sú gamla er orðin allt of lítil og svo er líka komið gat á olnbogann. Steinn veit að það eru ekki til peningar heima fyrir úlpunni sem hann langar í, hún kostar marga tugi þúsunda. Hvað getur Steinn gert?

### Kynning kennara:

- Hugsið ykkur venjulegan morgun. Hvað er það fyrsta sem gerist? Jú, þú vaknar. Þú ert í rúmi, inni í húsi, kannski í náttfötum. Þú ferð fram að pissa, þvo þér og bursta tennur.
- Hvað hafa margir hjálpað þér að gera þetta?

Hér svara nemendur kannski að enginn hjálpi - en þá leiðir kennari þá áfram og nefnir dæmi eins og:

- Einhverjir byggðu húsið,
- smíðuðu rúmið,
- saumuðu sængina, koddann og sængurverið og svo framvegis.

Kennari og/eða ritarað bakkjarins skrifar á töflu eða skjá allt sem nemendum dettur í hug. Niðurstaðan verður líklega eitthvað í þessa átt: það sem þú gerir fyrst á morgnanna er eiginlega hópverkefni, þó þú gerir það sjálf/ur/t.

### Spurning neðst á síðunni:

Hér er hægt að skipta starfsstéttunum sem nefndar eru á milli hópa og gefa þeim stuttan tíma til að koma sér saman um svar (t.d. Hvernig væri lífið án bænda?). Hóparnir kynna svo svörin sín í bekknum.

## Umönnun bls. 30

### Umræður í bekknum:

- Hvenær þurfum við umönnun? (Þegar við erum lítil, þegar við erum veik, þegar okkur líður illa, þegar við erum gömul).
- Hvað með krakka á ykkar aldri? Þurfið þið umönnun? Hvernig þá?
- Hvað með fullorðið fólk sem er ekki veikt. Þarf það umönnun? Hvenær þá?
- Annast þú einhvern? Hvernig þá?

### Ritunarverkefni:

- Hverjir ólu þig upp? Fólk utan nánustu fjölskyldu getur haft mikil áhrif. Til dæmis fólk í tómstundastarfi, þjálfarar, nágrennar, kennarar og margir fleiri.
- Hverjir hafa haft áhrif á þig og þitt uppeldi?
- Hvers konar áhrif þá helst?
- Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Ertu sammála þessu? Rökstyddu svarið.

## **Þekking og reynsla bls 30–31**

Kennari fer yfir efnið með nemendum og stjórnar umræðum um spurningarnar neðst á bls. 31.

**Verkefni nemenda:** Hvaða reynslu hefur þú?

Nemendur vinna saman í hópum og velja eitt af eftirfarandi verkefnum:

- Búið til leiðbeiningabækling eða myndband fyrir nýja nemendur í skólanum - áskorun - skrifið leiðbeiningarnar á öðru tungumáli en íslensku.
- Búið til leiðbeiningabækling eða kennslumyndband um nútímasamfélag fyrir tímaflakkara frá árinu 1823.
- Skrifið leiðbeiningabækling eða búið til myndband fyrir nýja íbúa í hverfinu/ bænum/ þorpinu/sveitinni
- Skrifið leiðbeiningabækling eða búið til myndband þar sem þið kynnið áhugaverða staði í þínu nágrenni.
- Skrifið leiðbeiningabækling eða búið til myndband fyrir börn sem koma í heimsókn frá regnskógum Brasilíu.

### **Ítarefni fyrir nemendur og kennara:**

Þjóðminjasafnið: [Líf og leikir barna áður fyrr.](#)

Börn og menning: [Barnavinna og ólík sjónarmið](#)

Þjóðminjasafnið: [Mynd af börnum að bera saltfisk](#)

Morgunblaðið 30.11.1979: [Barnavinna](#)

Markmið þessa kafla eru meðal annars að nemendur kynnist landnáminu og lífi landnema, að þeir geri sér nokkra grein fyrir þeim gríðarlegu breytingum sem hafa orðið á síðustu 100-200 árum og átti sig á mismunandi lífslíkum fólks víðsvegar í heiminum.

### Lykilhugtök kaflans

**Landnámsfólk** er fólk sem sest að í óbyggðu eða lítt byggðu landi.

**Þræll** er maður sem er ekki frjál og er meðhöndlaður sem eign einhvers annars.

**Ambátt** er kona sem er ekki frjál og er meðhöndluð sem eign einhvers annars.

**Víkingar** er fólk sem sigldi frá Skandinavíu og Írlandi norður og vestur til að ræna og rupla, en líka til að setjast þar að og stunda viðskipti.

**Víkingaöld** er tíminn þegar víkingar ferðuðust um og rændu, um það bil 800-1050.

**Torf** er skorinn reitur af grasi með rót og mold, túnþaka.

**Kaupstaður** er þéttbýli með að minnsta kosti einni verslun.

**Lífslíkur** er hversu lengi má búast við að nýfætt barn lifi.

**Pensilín** er lyf notað er gegn bakteríusýkingum.

**Bóluefni** eru efni sem vernda fólk gegn smitsjúkdómum.

## Gamla Ísland bls. 35

**Kveikja:** Kennari sýnir [þessa örstuttu myndasögu](#) í bekknum:

**Umræður í bekknum:** Hvað var á Íslandi áður en menn settust hér að? Hvaða dýr voru líklega hér?

### Verkefni nemenda:

Þú ert á leiðinni til Íslandi fyrir um það bil 1100 árum. Veldu þér eitthvað af eftirfarandi sjónarhornum:

- Þú ert landnámsmaður eða kona sem vonast eftir auðveldara lífi og efnahagslegum ávinningi.
- Þú ert ófrjál manneskja (þræll eða ambátt) sem var rænt að heiman og neydd í þessa ferð.
- Þú ert stálpað barn landnámsmanns.
- Þú ert kind sem er komin með meira en nóg af veltingi og saltblautu heyi.

Lýstu fyrstu viðbrögðum þínum við landinu, þar sem þú rökstyður skoðanir þína. (Mér finnst... vegna þess að...) Þú getur skrifað, teiknað eða búið til myndband.

**Tengt verkefni úr bókinni:** Verkefni 1 bls. 48.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

- Vísindavefurinn: [Hvaða dýrategundir lifðu á Íslandi fyrir landnám?](#)
- Vísindavefurinn: [Er rökrétt að fullyrða að landnámsmenn á Íslandi hafi verið víkingar?](#)
- Menntamálastofnun: [Halló heimur – Landnám Íslands](#)
- Félagsmálaráðuneytið: [Landneminn– Samfélagsfræðsla](#) (efni á mörgum tungumálum)
- Náttúrufræðistofnun Íslands: [Melrakki](#)

## Prælar og ambáttir bls. 36

Kennari: Bann við þrælkun er meðal elstu viðurkenndu mannréttinda heimsins. Fyrsti fjölþjóðlegi mannréttinasamningurinn, alþjóðasamningur um þrælahald frá 1926, bannar þrælkun og þrælahaldi. En hvað er þrælahald? Í samningnum frá 1926 er þrælahald skilgreint sem staða eða ástand þar sem eignarhaldi er slegið yfir einstakling. Það er að segja þegar einn eða fleiri einstaklingar telja sig eiga aðra manneskju og geta notfært sér hana.

**Tengt verkefni úr bókinni:** Verkefni 2 bls 48.

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

Barnasáttmálinn: [Grein 35](#)

Vísindavefurinn: [Hvaðan fengu Íslendingar flesta þræla sína og hvenær var þrælahald afnumið á Íslandi?](#)

Mannréttindaskrifstofa: [Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.](#)

## Landnemar bls. 36

### Verkefni nemenda:

1. Hugsaðu þér að þú sért í Noregi árið 870 eða þar um bil. Þig langar að prófa eitthvað nýtt og spennandi og helst auðgast líka í leiðinni. Þú hefur heyrt um eyju langt norð-vestur af landinu sem Flóki frændi þinn kallaði Ísland. Þig langar að fá vini þína til að koma með þér. Hvernig sannfærir þú þá?
2. Þú ert einn af vinunum sem hefur látið sannfærast. Þú ert skipulögð manneskja og vilt undirbúa allt vandlega. Skrifaðu lista yfir allt sem þú ætlar að taka með í ferðina yfir hafið. Hafðu í huga að það er takmarkað pláss á skipinu og þú getur bara tekið með þér það sem til var á þessum landsvæði og á þessum tíma (þú getur til dæmis hvorki farið í gúmmístígvélum né tekið banana með þér).

## Víkingar bls. 37

Kveikja: [Horrible Histories](#) - [Warrior: Viking vs Monk](#) | [Vicious Viking](#)

Umræður um myndbandið: Hvaða viðhorf gagnvart víkingum kemur fram í myndbandinu?

### Verkefni nemenda:

Kennari: Í Egils sögu Skallagrímssonar er sagt að þegar Egill var þriggja ára hafi pabbi hans bannað honum að fara með í veislu því hann kynni ekki að haga sér í drykkjuveislu, hann væri nógu erfiður ódrukkinn. Egill sætti sig ekki við þetta heldur tók hest og reið einn langa leið í veisluna. Þegar Egill var sex ára þá á hann að hafa drepit nokkrum árum eldri dreng með exi, eftir að sá eldri hafði hann undir í knattleik. Þá sagði móðir hans að hann væri víkingsefni.

Þá kvað Egill: [Þat mælti mín móðir](#)

### Umræður í bekknum:

- Finnst ykkur líklegt að þetta hafi gerst í alvörunni? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Er það hrós að kalla barn víkingsefni? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

### Verkefni nemenda:

- Hvað hefðuð þið sagt við Egil eftir morðið?
- Endurskrifið vísuna út frá því. Til dæmis: Þat mæltu Siggi og Steina/ að mér skyldi kaupa/ reiðistjórnumarnámskeið...

Hér er ekki ætlast til að nemendur fylgi bragarhætti kvæðisins nákvæmlega.

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

Menntamálastofnun: [Víkingsöld](#)

Menntamálastofnun: [Egils saga](#)

Menntamálastofnun: [Frá Róm til Þingvalla – Víkingaskip og víkingsöld](#)

Menntamálastofnun: [Textar úr 30 frægustu víkingarnir](#)

Halló heimur 2: [Landnám Íslands](#)

[Komdu og skoðaðu landnámið](#)

[Sögueyjan 1](#)

Vísindavefurinn: [Hvenær var víkingsöld?](#)

Vísindavefurinn: [Voru í rauninni horn á hjálmum víkinga?](#)

Vísindavefurinn: [Er rökrétt að fullyrða að landnámsmenn á Íslandi hafi verið víkingar?](#)

Draken Harald Hårfagre: [Storm in The Labrador Sea](#)

### Ísland fyrir 150 árum bls. 38

Bekkurinn skoðar töfluna á bls 38 saman. Eftir umræður geta nemendur til dæmis valið annað hvort verkefnanna á blaðsíðunni. Kennari getur líka valið að skipta sjúkdómunum sem nefndir eru á milli hópa eða einstaklinga og biðja nemendur svo að kynna „sinn“ sjúkdóm í bekknum. Þannig fá nemendur upplýsingar um alla sjúkdómanna.

**Viðtalsverkefnið um Covid 19** getur verið eins lítið eða stórt og hver kennari kýs. Það er til dæmis hægt að biðja nemendur að spyrja nokkra fullorðna um áhrif Covid tímans og kynna svo svörin í bekknum. Það er líka hægt að biðja nemendur að taka ítarlegra viðtal við eina manneskju. Áður en vinna nemenda hefst kynni kennari [þetta skjal](#) fyrir nemendum.

Viðtölin sem nemendur taka geta verið merkileg heimild um óvenjulega tíma. Það er tilvalið að gera þeim hátt undir höfði með því að safna þeim saman í bækling, bók eða vefsíðu. Athugið að ef til stendur að birta viðtölin þá þurfa nemendur að fá skriflegt leyfi viðmælenda.

Áður en vinna nemenda hefst þarf kennari að útskýra muninn á opnum og lokuðum spurningum.

Það er tilvalið að semja ítarlegri spurningalista með bekknum. Best er að nemendur búi sjálfir til spurningar, en kennari getur komið þeim á sporið með spurningum eins og:

- Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú heyrir orðið Covid?
- Hvað var það versta við Covid tímann?
- En það besta?
- Veiktist þú af Covid? Hvernig var það?
- Hvaða áhrif hafði einangrunin á þig?

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

MMS – [Á ferð um samfélagið, kennsluleiðbeiningar – Að taka viðtal](#)

## Stórar fjölskyldur – lítil hús (bls. 39)

**Kveikja:** Kennari skoðar myndir af torfbæjum með bekknum. Til dæmis [þessar](#). Hér er gott að hvetja nemendur til að skoða myndirnar vandlega. Hvernig er fólkið klætt? Hvaða húsbúnaður sést? Á fyrstu myndinni kveðjast karlmenn með kossi. Er það gert í dag?

### Fleiri spurningar og punktar til umræðu í bekknum:

- Myndirnar eru teknar árið 1935. Guðmundur bóndi fæddist árið 1906. Hvað er hann gamall þegar myndirnar eru teknar?
- Kona hans Guðmunda Jónsdóttir fæddist árið 1908 og dó árið 1937, tveimur árum eftir að þessar myndir voru teknar. Þá hafði hún eignast tvö börn í viðbót við drengina sem eru á myndunum. Hvað var Guðmunda gömul þegar hún dó?
- Torfbærinn á myndunum er ekki með rafmagni, ekki rennandi vatni og hvorki með klósetti eða baði. Fólkið á myndunum er samt hreint og fínt. Hvernig heldur þú að það hafi farið að því að þvo fatnað og baða sig?
- Hafið þið komið í torfbæ? Hvernig var innanhúss?
- Hvernig haldið þið að það hafi verið að búa í torfbæ? Hvaða kosti og galla getið þið ímyndað ykkur?

### Fleiri verkefni nemenda:

- Hvað er torf? Flettið orðinu upp í orðabók eða leitið á netinu.
- Voru torfbærir bara úr torfi? Aflið ykkur upplýsinga um torfbæi og byggingu þeirra.

**Tengt verkefni úr bókinni:** Verkefni 3 bls 49

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

[Ljósmyndasafn Bruno Schweizer](#)

[Photographs by Willem van de Poll in Iceland \(1934\)](#)

[Ótrúlegar ljósmyndir af Íslandi eftir hollenska meistarann Willem van de Poll, 1934](#)

[Torfbærir í Reykjavík](#)

[Torfbærir á Íslandi](#)

MMS: [Vísis kaffið gerir alla glaða - Dagblaðaauglýsingar í dymbilviku í hundrað ár](#)

## Vöruskipti bls. 40

**Umræður í bekknum:** Hvenær var „í gamla daga“ samkvæmt þínum skilningi?

### Búðarleikur:

Kennari og/eða nemendur safna saman ólíkum hlutum. Það kemur mjög margt til greina, svo sem ritföng, bækur, pottablóm, leikföng eða ávextir. Aðalatriðið er að fjölbreytt úrval ólíkra hluta. Það er líka hægt að biðja nemendur að teikna hluti og klippa þá út, nota mislita kubba, eða annað sem kennara eða nemendum dettur í hug.

Um það bil helmingur hlutanna fer í „verslun“ í stofunni. Hitt skiptist á milli nemenda. Hér er um að gera að skipta ekki jafnt. Til dæmis geta tveir nemendur verið stórbændur og fengið meira en hinir, nokkrir eru þá vinnufólk og fá bara einn hlut, en flestir eru smábændur og fá til dæmis þrjá til fjóra hluti. Það getur verið gott að láta nemendur draga hlutverk.

### Verkefni nemenda:

Hugsíð ykkur að þið búið í samfélagi þar sem peningar eru lítið eða ekkert notaðir og að þið getið bara verslað við eina verslun. Ykkur vantar ýmislegt og þið eruð með nokkra hluti sem þið getið notað til að skipta í versluninni. Sumir eru með meira en aðrir, gæðunum er misskipt eins og oft vill verða í lífinu. Reynið að skipta á því sem þið eruð með, fyrir eitthvað af því sem er í versluninni. Þið verðið að semja við verslunarfólkið og reyna að fá sem mest út úr skiptunum. Reynið að rökstyðja verðgildi hlutanna ykkar. Til dæmis: Mér finnst að ég ætti að fá þrjá blýanta fyrir strokleðrið, vegna þess að þið eruð með mikið af blýöntum til sölu, en ekkert strokleður.

Þið megið ekki reiðast eða koma illa fram við verslunarfólkið, þetta er eina verslunin sem þið hafið aðgang að og þið getið ekki án hennar verið. Verslunarfólkið vill gefa sem minnst fyrir hlutina, en það þarf samt á vöruskiptunum að halda svo verslunin gangi. Reynið að komast að samkomulagi um vöruskiptin. Þeir sem eiga lítið eða ekkert geta reynt að bjóða vinnu fyrir hluti.

### Umræður eftir leikinn:

- Hvernig gekk?
- Var erfitt að ákveða verð hlutanna? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Hafið þið farið á skiptimarkað? Myndi ykkur langa að prófa?

## Ég fer í fríið bls. 41

**Kveikja:** Kennari varpar skóladagatali skólans upp á skjá. Bekkurinn skoðar saman frídaga ársins og telur þá.

### Dæmi um umræðupunkta fyrir bekkinn:

- Hvað eru margir frídagar í skólanum á einu ári?
- Hversu margir af þessum dögum eru frí fyrir flesta landsmenn (fullorðna líka) og hversu margir eru sérstakir skólafrídagar?
- Hvað finnst ykkur um þennan dagafjölda (of lítið/mikið/hæfilegt)?
- Hvernig haldið þið að það sé að hafa aldrei eða næstum aldrei frí?

### Ferðalög um landið í gamla daga (spurningar neðst á síðu 41).

Áður en nemendur skoða landakortið og velta fyrir sér mögulegum leiðum er tilvalið að sýna kvikmyndabrot sem sýna fararmáta fyrri tíma, til dæmis:

Kvikmyndasafn Íslands: [Stóðréttir](#) Í myndinni sést meðal annars maður sundríða yfir djúpa á (0:10-0:20)

Ósvaldur Knudsen: [Sveitin milli sanda](#). Í myndinni sést hvernig farið er yfir á, á hesti, fótgangandi og á gamalli dráttarvél (1:43 - 2:19). Í lokin sést ferð með klyfjahesta yfir jökul (26:51 - 28:06)

Kvikmyndasjóður Skaftfellinga: [Samgöngur á sjó](#)

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

[Ísland á filmu](#)

MMS: Ingunn Snædal, [Íslensk ferðalög](#)



## Hverjir lifa lengst? Bls. 42

### Umræður í bekknum:

- Er gott að lifa eins lengi og Jensína? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Hvernig heldur þú að það sé að lifa eftir að allir vinir þínir eru dánir?

## Hvar eru mestu möguleikarnir að lifa lengi bls. 43-4

### Umræður í bekknum:

- Hvað (ef eitthvað) eiga löndin þar sem lífslíkur eru háar sameiginlegt?
- En löndin þar sem lífslíkur eru lágar?
- Hversu mörgum árum munar á lífslíkum í Hong Kong og í Mið-Afríkulýðveldinu?

### Verkefni nemenda:

- Veldu þér eitt af löndunum af listanum, helst eitthvað sem þú veist lítið um.
- Kynntu þér lífið í þessu landi.
- Síðan skalt þú útbúa stutta kynningu á landinu og flytja hana í bekknum.
- Þú getur útbúið veggspjald, myndband eða annað sem styður við kynninguna þína.

## Tengt verkefni úr bókinni: Verkefni 5 bls. 49

## AAtsjúúú! Bls. 44

Pensilín og þróun bóluefna hafa haft gífuleg áhrif á lífslíkur og heilsu.

### Verkefni nemenda (val):

- Kynntu þér sögu pensilíns (penicillin) og hvaða áhrif lyfið hafði. Búðu til veggspjald og kynntu það í bekknum.
- Kynntu þér sögu bóluefna. Búðu til veggspjald og kynntu það í bekknum.

## Tengt verkefni úr bókinni: Verkefni 6 bls. 49

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

Vísindavefurinn: [Hvað er og hvernig virkar penisilín?](#)

Vísindavefurinn: [Hvenær var fyrsta bóluefnið fundið upp og hvað er bóluefni?](#)

### Aukaverkefni:

Kannt þú að stoppa í sokka, gera við saumsprettu eða festa tölu?

Vinsældir fataviðgerða virðast vera að aukast. Að minnsta kosti má sjá mikinn fjölda kennslumyndbanda á netinu og á samfélagsmiðlum þar sem einfaldar fataviðgerðir eru kenndar.

Ræðið í bekknum hvers vegna fólk gerir við föt nú á tímum (t.d. sparnaður, til að varðveita uppáhaldsflik, af umhverfisástæðum).

Setjið upp viðgerðasmiðju í bekknum þar sem nemendur geta lært einfaldar viðgerðir, gjarnan í samvinnu við textílkennara og/eða foreldra. Nemendur geta safnað saman efnum og áhöldum að heiman, svo sem tölum, tvinna og þess háttar. Þeir nemendur sem kunna handtökin kenna hinum og fullorðnir hjálpa til.

## Hvað hefur breyst? bls. 45–46

Á þessum tveimur blaðsíðum er eins konar yfirlit yfir sumt af því sem hefur breyst á síðustu um það bil 100–200 árum.

Það er óhætt að fullyrða að mjög margt hefur breyst og batnað til muna á þessum tíma.

Sumt hefur þó versnað. Mengun er eitt af stóru vandamálum nútímans sem okkur mannfólkinu hefur ekki enn tekist að leysa.

**Verkefnið neðst á blaðsíðu 46** gefur tilefni til lausnamiðaðra umræðna í bekknum. Hér má til dæmis byrja á hugstormun með bekknum og ræða spurninguna: Hvernig er hægt að draga úr umferð?

- Kennari og/eða ritarar bekkjarins skrifa hugmyndir bekkjarins á töflu eða skjá.
- Ef nemendur koma eingöngu með tillögur sem beinast að þeim sjálfum og fjölskyldu þeirra getur kennari beint athyglinni að því að fleiri bera ábyrgð en einstaklingar (stjórnvöld og fyrirtæki).
- Hér er hægt að láta staðar numið, en ef kennari og nemendur vilja halda áfram þá geta nemendur unnið áfram með einhverjar af tillögunum sem komu fram. Þeir geta til dæmis kynnt sér málið nánar, eða útfært eina tillögu myndrænt.
- Nemendur kynna svo vinnu sína í bekknum og ef til vill einnig í skóla- eða bekkjarblaði, á veggspjöldum eða á annan hátt sem hentar hverju sinni.

**Tengd verkefni úr bókinni:** verkefni 4 og 7 bls. 48

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

Vísindavefurinn: [Hvað er svifryk?](#)

Vísindavefurinn: [Hvað mengar eitt álver mikið í samanburði við bíl?](#)

Vísindavefurinn: [Var eins mikil mengun árið 1944 á Íslandi og nú?](#)

Læknablaðið: [Loftmengun á Íslandi og áhrif hennar á heilsu manna – Yfirlitsgrein](#)

Læknablaðið: [Uppruni helstu loftmengunarefna sem mæld eru á Íslandi – tafla úr grein](#)

### Mynd bls. 47. Umræður um myndina, til dæmis:

- Sumu fólki líður vel í asa borgar, öðrum ekki. Hvar finnst þér best að vera?
- Settu þig í spor barnsins á myndinni. Hvernig líður þér?
- Ef þú gætir losnað við eina hávaðauppsprettu, hvað myndir þú velja og hvers vegna?
- Það eru auglýsingar á myndinni. Hvar sérð þú auglýsingar?
- Hafa auglýsingar á þig? Hvernig þá?

Markmið þessa kafla eru meðal annars að nemendur þekki og skilji hugtökin lýðræði og einræði, kynnist mismunandi yfirvöldum, stjórnámum, stjórnáflökkum, kosningum og kosningarétti.

### Lykilhugtök kaflans

**Lýðræði** er stjórnarfar þar sem almenningur kys hverjir stjórna landinu.

**Yfirvald** er fólk eða stofnun sem ræður miklu í samfélaginu.

**Einræði** er stjórnarfar þar sem öll völd eru í höndum eins manns eða lítils hóps.

**Lýðræði** er stjórnarfar þar sem almenningur kys hverjir stjórna landinu.

**Seinni heimsstyrjöldin** var stríð, sem hófst í Evrópu en breiddist síðan út til annarra heimsálfa og stóð í rúm sex ár.

**Alþingi** er löggjafarþing Íslands. Hlutverk alþingis er meðal annars að setja lög.

**Stjórnáflökkur** er skipuleg samtök fólks sem berst fyrir ákveðinni stefnu og markmiðum í stjórnámum og sækist jafnframt eftir að ná eða viðhalda völdum í samfélaginu.

**Kosningar** eru formleg leið fyrir fólk að velja persónur eða hópa í ákveðin hlutverk, til dæmis í embætti eða á þing.

**Alþingi** er löggjafarþing Íslands. Hlutverk alþingis er meðal annars að setja lög.

**Alþingismaður** er manneskja sem hefur verið valin í kosningum til að sitja á þingi.

**Lög** eru reglur sem allir þurfa að fylgja.

**Lýðræði** er stjórnarfar þar sem almenningur kys hverjir stjórna landinu.

**Fulltrúalýðræði** sama og óbeint lýðræði: Þegar kjósendur í lýðræðisríki velja fulltrúa sína sem svo taka ákvarðanir, til dæmis á þingi og í sveitarstjórnnum.

### Hvað merkir orðið lýðræði? Bls. 50–51

**Kveikja:** Kennari sýnir nemendum myndband um lýðræðið í Aþenu til forna. Það er mikið úrval myndbanda um þetta efni á netinu, til dæmis: TED-Ed: [What did democracy really mean in Athens?](#) og TED-Ed: [A day in the life of an ancient Athenian.](#)

Eftir myndbandið ræða nemendur myndbandið í bekknum og bera gjarna saman lýðræðið í Aþenu til forna og lýðræði eins og við þekkjum það.

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

MMS: [Grikkland hið forna – lýðræðið í Aþenu](#)

MMS: [Litli-kompás – handbók um mannréttindamenntun fyrir börn – lýðræði](#)

## Hver býr til reglunar? Bls. 52

### Yfirvöld

Hvað er vald? Kennari stjórnar stuttri **hugstormun** í bekknum þar sem nemendur reyna að skilgreina hugtakið með sínum eigin orðum. (Samkvæmt íslenskri orðabók er merkings orðsins máttur, forræði, yfirráð.)

Þegar bekkurinn hefur sameinast um skilgreiningu/skilgreiningar á hugtakinu vald þá er komið að því að skoða hverjir eru með völd.

**Verkefnið** [Hver á að ákveða?](#) úr [Litla kompás](#) getur hentað vel hér.

### Mismunandi yfirvöld

**Kveikja:** Kennarinn sýnir [mynd af alþingishúsinu](#) og [nærmynd af skjaldarmerki Kristjáns níunda](#) (án þess að segja hvað það er) og spyr eitthvað í þessa átt: Hvað hús er þetta? Hvaða merki er á þakinu? Hvers vegna haldið þið að það sé kóróna á þakinu?

Síðan horfir bekkurinn saman á [Krakkafréttir heimsækja Alþingishúsið](#). Athugið að myndbandið er neðst á síðunni.

## Einræði – Lýðræði bls. 53

**Umræður** um myndirnar á síðunni: Hvaða einræðisherra hefur þú heyrt um?

### Verkefni nemenda:

Veljið ykkur einn einræðisherra og finnið fimm til tíu mikilvægar staðreyndir um viðkomandi. Búið til upplýsingaspjald með mynd af einræðisherranum, nafni landsins og staðreyndunum sem þið funduð. Kynnið spjaldið í bekknum og hengið það upp á vegg.

**Tengt verkefni úr bókinni:** Verkefni 6 bls. 59

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

MMS: [Söguskinna bls. 26-30 - Anna Frank - Söguskinna - Kennsluleiðbeiningar](#) bls. 12-14 Anna Frank.

Britannica: [Kim Jong-Un](#)

Vísindavefurinn: [Af hverju eru svona strangar reglur í Norður-Kóreu?](#)

Planetrulers: [Current World Dictators](#)

Freedom House: – [Global Freedom Scores](#)

Ungmennavefur Alþingis: [Kennsluverkefni](#)

Ungmennavefur Alþingis: [Hugtakasafn](#)

## Stjórnmalaflokkar bls. 54

Spurningarnar neðst á blaðsíðunni gefa tækifæri á sjálfstæðri rannsóknarvinnu nemenda þar sem þeir finna nöfn stjórnmalaflokka og alþingismanna á Íslandi.

Spurningin efst á blaðsíðu 55 gefur tækifæri til umræðna í bekknum um kosningarétt kvenna.

**Tengt verkefni í bókinni:** Verkefni 3-4 bls. 59

### Verkefni nemenda:

- Vinnið saman í hópum og búið til ykkar eigin stjórnmalaflokk, í anda flokkanna á síðu 54.
- Veljið nafn á flokkinn.
- Veljið 4-6 málefni sem ykkur finnst mjög mikilvæg.
- Búið til merki flokksins.
- Kynnið flokkinn ykkar í bekknum og hlustið á kynningar hinna hópanna.

## Kvenréttindadagurinn 19. júní bls. 55

### Kosningaleikur

**Kveikja:** Mynd: [Fólk safnast saman á Austurvelli 7. júlí 1915 til þess að fagna kosningarétti kvenna.](#)

### Hlutverk:

**Leikstjórnandi** les textann og stýrir framvindunni.

**Reiknimeistari** getur reiknað prósentur og velur hverjir fara inn í hringinn, samkvæmt útreikningum.

**Ritari** skráir ártölin á töfluna.

**Fólkið (bekkurinn)** er landsmenn, 25 ára eða eldri. Um það bil helmingur er karlar og helmingur konur. Ath. að kyn landsmanna þarf alls ekki að fylgja kyni barnanna. Það má til dæmis draga um kynhlutverk.

### Leikurinn:

**Leikstjórnandi:** Árið er 1843 og Íslendingar fá kosningarétt í fyrsta sinn. Klöppum fyrir því! En það fá ekki allir að kjósa. Aðeins karlmenn 25 ára og eldri sem eiga stóra jörð eða hús úr múr eða timbri í bæ eða þorpi og eru ekki vinnumenn mega kjósa. Þannig að konurnar setjast niður núna, þær mega ekki vera með. Á þessum tíma býr flest fólk í sveit, oft á litlum jörðum, kotum og hjáleigum. Margir eiga ekki eigin jörð heldur eru vinnumenn hjá öðrum. Alþýða manna bjó auk þess í torfbæjum. Þannig að talið er að 2% landsmanna hafi haft rétt á að kjósa. Reiknimeistari, hvað mega margir kjósa í þetta sinn?

**Reiknimeistari** gefur rétta tölu og bendir á þá sem mega fara inn í kosningahringinn. Ef bekkurinn er fámennur og 2% þannig minna en einn, þá má til dæmis setja hönd eða fót inn í hringinn.

**Leikstjórnandi:** Árið er 1903. Nú mega allir karlmenn sem eru ekki vinnumenn og ekki mjög fátækir taka þátt, þannig að 65% karlmanna mega núna kjósa. Reiknimeistari, hvað mega margir karlmenn fara inn í kosningahringinn núna?

**Reiknimeistari** gefur rétta tölu og bendir á þá sem mega bætast við kosningahringinn. Munið að telja þá sem eru þegar inni í hringnum með, þannig að ef 65% „karla“ eru til dæmis 9 og ½ fór inn í síðustu umferð þá bætast 8 ½ við.

**Leikstjórnandi:** Árið er 1915. Nú mega vinnumenn, 40 ára og eldri kjósa. Það þýðir að um 84% karlmanna 25 ára og eldri hafa kosningarétt. Reiknimeistari, hvað mega margir karlmenn fara inn í kosningahringinn núna?

**Reiknimeistari** gefur rétta tölu og bendir á þá sem mega bætast við kosningahringinn.

**Leikstjórnandi:** Árið er 1914. Nú mega konur 40 ára og eldri kjósa! Klöppum fyrir því. Það þýðir að um helmingur kvenna fékk kosningarétt. Reiknimeistari, hvað mega margar konur fara inn í kosningahringinn?

**Reiknimeistari** gefur rétta tölu og bendir á þær sem mega bætast við kosningahringinn.

**Ítarefni fyrir nemendur og kennara:**

MMS: Sögueyjan 1 -[Stofnun Alþingis](#)

[Hvenær fengu allir fullorðnir kosningarétt á Íslandi?](#)

[Hver var Bríet Bjarnhéðinsdóttir og hvert var framlag hennar til kvenréttindabaráttu á Íslandi?](#)

[Sjúklega súr saga](#) bls. 52: „Ég vona að þú kveljist uns þú deyrð fábjáninn þinn“.

## **Beint lýðræði – Óbeint lýðræði bls. 56–57**

Kennari les efnið með nemendum og stjórnar umræðum um hugtökin beint og óbeint lýðræði.

**Tengt verkefni í bókinni:** verkefni 1 bls. 58

**Verkefni nemenda:** Skiptið blaði eða skjá í tvennt. Öðrum megin teiknið þið mynd sem útskýrir beint lýðræði og hinum megin mynd sem útskýrir óbeint lýðræði. Þið megið ekki nota nein orð.

## HVER RÆÐUR Á ÍSLANDI? Bls. 60–75

Markmið þessa kafla eru meðal annars að nemendur kynnist og öðlist skilning á stjórnarfarum lýðveldisins Íslands og réttindum og skyldum þegnanna.

### **Lykilhugtök kaflans**

**Lýðveldi** er land eða svæði þar sem almenningur velur þá sem stjórna landinu með almennum kosningum.

**Konungsríki** er land sem hefur konung eða drottningu.

**Alþingi** er löggjafarþing Íslands. Hlutverk Alþingis er meðal annars að setja lög.

**Ríkisstjórn** er fólkið sem stjórnar ríki.

**Dómstóll** er opinber stofnun þar sem dómara dæma í ýmsum málum.

**Stjórn málaflókkur** er skipuleg samtök fólks sem berst fyrir ákveðinni stefnu og markmiðum í stjórn málum og sækist jafnframt eftir að ná eða viðhalda völdum í samfélaginu.

**Sveitarfélag** er lægra stjórnsýslustigið á Ísland. Til dæmis hreppur, bær eða borg.

**Þjóðhöfðingi** er æðsti maður þjóðar, svo sem forseti, konungur eða keisari.

**Forseti** er þjóðhöfðingi lýðveldis.

**Bessastaðir** á Álftanesi, nálægt Reykjavík er aðsetur forseta Íslands.

**Kosningar** eru formleg leið fyrir fólk að velja persónur eða hópa í ákveðin hlutverk, til dæmis í embætti eða á þing.

**Kjördæmi** er svæði sem er sérstök eining við þingkosningar.

**Landsbyggð** (hér) er allt Ísland utan höfuðborgarsvæðisins.

**Alþingismaður** er manneskja sem hefur verið valin í kosningum til að sitja á þingi.

**Að kjósa** (hér) er að velja í kosningum.

**Stjórn mála** eru alls konar málefni sem tengjast rekstri og starfsemi þjóðfélagsins.

**Lýðræði** er stjórnarfar þar sem almenningur kys hverjir stjórna landinu.

**Sveitarfélag** er lægra stjórnsýslustigið á Ísland. Til dæmis hreppur, bær eða borg.

**Velferðarmál** og velferðarþjónusta eiga að stuðla að því að fólk hafi það sem það þarf til að líða eins vel og hægt er.

**Skattar** eru peningar sem fólk og fyrirtæki borga til ríkisins.

## Lýðveldi bls. 61

**Kveikja:** [Mynd af Margréti Þórhildi Danadrottningu.](#)

Kennari kynnir myndina, til dæmis svona: Veit einhver hver þessi kona er? Ef krakkarnir þekkja ekki konuna, þá er um að gera að skoða myndina nánar og leita að vísbendingum. Skartið og höfuðskrautið benda til þess að þetta sé drottning eða prinsessa. Litirnir á orðuslaufunum gefa landið til kynna.

Þegar rétt niðurstaða er komin er hægt að ræða nafn drottningarinnar. Hún er gjarnan kölluð Margrét Þórhildur á íslensku, þó hún heiti Margrethe Alexandrine Þórhildur Ingrid. Hvers vegna er fyrsta nafnið íslenskað? Hvers vegna heitir hún Þórhildur? (Þegar hún fæddist var afi hennar konungur yfir Íslandi). Margrét drottning afsalaði sér krúnunni í janúar 2024 eftir 52 ár á valda-stóli. Sonur hennar Friðrik tók við embættinu og er nú konungur í Danmörku.

Konungsríki Norðurlanda eru þingbundin konungsríki. Það þýðir að drottningar og kóngar hafa engin pólitísk völd og þau ráða ekki í landinu. Það gerir þing, ráðherrar, borgarstjórnir, alveg eins og á Íslandi. Svona er þetta líka í flestum konungsríkjum Evrópu.

### Spurningar neðst á síðunni.

**Forsetar á Íslandi:** hér gæti hentað að skipta bekknum í hópa, þannig að hver hópur dragi nafn eins af sex forsetum Íslands, kynni sér viðkomandi og flytji stutta kynningu á honum/henni í bekknum. Kynningarnar gætu til dæmis innihaldið eftirfarandi:

- Hvar er forsetinn fædd/ur?
- Hvað gerði hann/hún áður en hann/hún var kosin/nn forseti?
- Hvenær var hann/hún forseti (frá/til)?
- Ein merkileg/skemmtileg staðreynd um viðkomandi.

### Dæmi um konungsríki.

Hér er hægt að fara svipaða leið, það er að skipta nemendum í hópa og leyfa þeim að velja sér konungsríki, kynna sér það og flytja kynninguna í bekknum.

Kynningarnar gætu til dæmis innihaldið eftirfarandi:

- Land konungsins/drottningarinnar
- Nafn
- Þjóðfélagi
- Hefur þessi konungur/drottning pólitísk völd?
- Ein merkileg/skemmtileg staðreynd um viðkomandi.

**Tengd verkefni úr bókinni:** verkefni 1 og 2 á bls. 74

## Forseti Íslands bls. 62–63

Fálkaorðan er íslensk heiðursviðurkenning veitt einstaklingum, bæði íslenskum og erlendum. Kristján X konungur stofnaði til orðunnar árið 1921. Tilgangur orðunnar var og er „...að geta veitt þeim mönnum og konum, innlendum og útlendum, sem skarað hafa fram úr öðrum í því að efla heiður og hag fósturjarðarinnar að einhverju leyti, opinbera viðurkenningu...“ Frá stofnun lýðveldisins árið 1944 veitti forseti Íslands fálkaorður.



## Verkefni nemenda – hópvinna

Hugsíð ykkur að þið séuð í orðunefnd íslensku fálkaorðunnar. Þið eigið að leggja fram þrjár vel rökstuddar tillögur um manneskjur sem eiga skilið að fá fálkaorðuna. Í tillögunum þarf að minnsta kosti að koma fram:

- Nafn
- Starf
- Hvers vegna viðkomandi á skilið að fá fálkaorðu.

Þegar allir hóparnir eru tilbúnir þá leggið þið fram ykkar tillögur. Reynið að vera eins sannfærandi og þið getið.

Hlustið á kynningar hinna hópanna og spyrjið spurninga ef eitthvað er óskýrt, eða ef ykkur langar að fá að vita meira.

Að lokum kýs bekkurinn fimm einstaklinga sem hljóta fálkaorðu bekkjarins.

Hér gæti verið skemmtilegt að fara lengra með verkefnið. Til dæmis:

- með því að bekkurinn hjálpist að við að búa til veggspjöld um þá einstaklinga sem urðu fyrir valinu. Ef ekki er um opinberar persónur að ræða þá þarf að fá leyfi hjá viðkomandi.
- með því að hanna, útbúa og afhenda orðu bekkjarins.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Forseti Íslands: [Saga fálkaorðunnar](#)

MMS: Læsisvefurinn – [Sannfærandi textar](#)

## Alþingi og kosningar bls. 64–66

**Kveikja:** Kennari sýnir nemendum myndband Hvað er Alþingi.

### Verkefni nemenda. Alþingisorðabók bekkjarins.

Áður en vinna nemenda hefst þarf kennari að sjá til þess að þeir hafi aðgang að orðabókum, bæði á pappír og rafrænum og kunni að nota þær.

Í myndbandinu eru nefnd ýmis hugtök, svo sem:

Alþingismaður, atkvæðagreiðsla, forseti Alþingis, fjárstjórnarvald, fulltrúi, fulltrúalýðræði, kjörgengi, kosningar, kosningaréttur, lagafrumvarp, lög, löggjafarvald, nefnd, ráðherra, ríkisborgararéttur, ríkisstjórn, skattur, umboð, umsögn, útgjöld, þingflokkur, þingfundur, þinghlé, þingnefnd, þingsályktunartillaga, þingpallar og þingstörf.

Kennari getur fækkað hugtökunum eða bætt við listann að vild, til dæmis af hédan.

Nemendur vinna í litlum hópum eða námspörum. Kennari skiptir orðum á milli þeirra, til dæmis með því að láta hópana draga orð.

Nemendur eiga að útskýra merkingu orðanna, skýrt og í stuttu máli. Ef þeir þekkja ekki orðin þá þurfa þeir að leita að merkingu þeirra í orðabókum og á netinu.

Síðan safna nemendur og/eða kennari öllum orðunum saman í alþingisorðabók bekkjarins. Ef vel tekst til þá gæti verið tilvalið að birta orðabókina, til dæmis á heimasíðu skólans, þannig að aðrir nemendur geti nýtt sér hana.

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

Skólalæsing – [Um Alþingi](#)

Skólalæsing – [Auðlesið um Alþingi](#)

Ungmennavefur Alþingis: [Kennsluverkefni](#)

Ungmennavefur Alþingis: [Hugtakasafn](#)

## Kjördæmi bls. 67

Í kosningum er landinu skipt í kjördæmi. Kosningaréttur er bundinn kjördæmi, þannig að hver kjósandi á að kjósa þar sem hann á lögheimili. Ef kjósandi getur ekki kosið í sínu kjördæmi þá á viðkomandi kost á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Það þýðir að kjósandi kys fyrir kosningadag, til dæmis á skrifstofu sýslumanns, í sendiráðum Íslands erlendis, á sjúkrahúsum, dvalarheimilum og í fangelsum. Utankjörstaðatkvæði eru svo talin á kjördag, um leið og önnur atkvæði.

Ísland skiptist í sex kjördæmi, þrjú eru á höfuðborgarsvæðinu og þrjú á landsbyggðinni. Fjöldi þingsæta hvers kjördæmis fylgir fjölda kjósenda. Þannig getur þingmönnum kjördæmis fjölgað eða fækkað við kosningar, til samræmis við búsetuþróun.

Við spurningarnar neðst á síðu 67 má til dæmis bæta:

- Hvaða flokkar buðu fram í þínu kjördæmi í síðustu kosningum?
- Hvað eru mörg sveitarfélög í þínu kjördæmi?
- Hver er munurinn á sveitarfélagi og kjördæmi?
- Hvers vegna eru þrjú kjördæmi á höfuðborgarsvæðinu?

## Verð ég að kjósa? bls. 68

**Kennari:** Barátta fyrir lýðræði hefur kostað margar þjóðir mótmæli, uppreisnir og mikil átök. Að búa í lýðræðisríki er langt frá því að vera sjálfsagður hlutur. Áður fyrr bjuggu hvorki Íslendingar né aðrar þjóðir við lýðræði, heldur réðu konungar, trúarleiðtogar og hershöfðingjar öllum málefnum samfélagsins. Unga kynslóðin á Íslandi í dag fæddist með rétt til að kjósa. Enn þann dag í dag búa ekki allir við lýðræði í heiminum.

Þátttaka í kosningum er það sem réttlætir lögmæti ríkisins til starfa fyrir þjóðina. Ef kosningaþátttaka fer lækkandi (ef færri taka þátt í kosningum), þá getur það haft skaðleg áhrif á lýðræðið á Íslandi. Góð þátttaka í kosningum segir okkur að fyrirkomulagið okkar, lýðræðið, sé að virka. (Áttavitinn.is)

### Umræður í bekknum eða hópverkefni:

- Til hvers eru kosningar?
- Skiptir máli að kjósa? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Hvað heldur þú að fólk sem barðist fyrir kosningarétti á Íslandi myndi segja við nútímafólk sem kys ekki?

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Áttavitinn: [Af hverju að kjósa?](#)

Áttavitinn: [Hvernig kys ég?](#)

Global Citizen: [What Voting Rights Look Like in 6 Countries Around the World](#)

## Sveitarfélög bls. 69

### Kveikja: Hvað gerir sveitarfélagið?

Kennari sýnir nemendur heimasíðu þess sveitarfélags sem skólinn er í. Nemendur skoða heimasíðuna og aðrar upplýsingar frá sveitarfélaginu í hópum og kanna hvaða verkefni heyra undir sveitarfélagið.

Það má skipta málefnaflokkum á milli hópanna, svo sem:

- Menntamál
- Íþróttir og tómstundir
- Húsnæði og skipulag
- Umhverfismál
- Velferðarmál

Áður en vinna nemenda hefst þarf kennari að skoða heimasíðu viðkomandi sveitarfélags og aðlaga flokkana hér fyrir ofan að þeim upplýsingum sem þar eru. Ef heimasíða sveitarfélagsins hentar ekki þá má velja nágrannasveitarfélag, eða annað sveitarfélag af handahófi.

**Tengd verkefni úr bókinni:** Verkefni 5 og 6 á bls. 75

## Ríkisstjórnin bls. 70–71

Ríkisstjórn Íslands breytist nokkuð oft, bæði við kosningar og á milli þeirra. Á vef Alþingis er [listi yfir ráðherra hverju sinni](#).

### Umræður í upphafi:

Kennari skoðar hugtökin á síðunni með bekknum. Hvað merkja þau? Þegar hugtökin eru skoðuð þá kemur væntanlega í ljós að þau eru samsett og gegnsæ. Til dæmis for-sætis-ráð-herra. Hann, hún eða hán sem situr í forsæti er í æðsta sætinu = stjórnandi.

### Verkefni nemenda:

Nemendur vinna saman í hópum og draga eitt ráðuneyti. Nemendur kynna sér viðfangsefni ráðuneytisins og útbúa stutta kynningu fyrir bekkinn. Kynningin getur verið hvernig sem er, til dæmis glærुकynning, veggspjald eða myndband. Hóparnir flytja síðan kynningar sínar í bekknum. Þannig fær bekkurinn nokkra innsýn í starf allra ráðuneytanna, eða a.m.k. nokkurra, allt eftir stærð bekkjarins.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Áttavitinn: [Ráðherrar og ríkisstjórn](#)

Alþingi: [Ráðherrar](#)

Vísindavefurinn: [Hvað gera ráðherrar?](#)

Ungmennavefur Alþingis: [Hugtakasafn](#)

Ungmennavefur Alþingis: [Hvað er Alþingi \(myndband\)](#)

## Skattar og skyldur bls. 72–73

### Umræður í upphafi:

Skattar eru nauðsynlegir til að mæta sameiginlegum kostnaði samfélagsins. En hvað er sameiginlegur kostnaður? Í bókinni eru nefnd nokkur atriði (umönnun aldraðra, sjúkrahús og skólar). En hvað fleira þarf að borga úr sameiginlegum sjóðum?

Kennari stjórnar hugstormun í bekknum. Hér er líka hægt að sýna myndband um skatta, til dæmis ([WHAT ARE TAXES?](#)) og ræða upplýsingarnar sem þar koma fram.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Áttavitinn: [Hvað er skattur?](#)

Áttavitinn: [Tekjuskattur](#)

Happy Learning English: [WHAT ARE TAXES?](#) | Educational Videos for Kids

## HVERS VEGNA ERU LÖG OG REGLUR? Bls. 76–83

Markmið þessa kafla eru meðal annars að nemendur kynnist og öðlist skilning á mismunandi reglum, bæði í nærumhverfi og samfélaginu í heild og afleiðingum þess að brjóta reglur.

### Lykilhugtök

**Hegningarlög** eru lög sem fjalla um refsingar við lögbrotum.

**Skráðar reglur** eru reglur sem eru skrifaðar niður. Til dæmis skólareglur og lög landsins.

**Óskráðar reglur** eru reglur sem eru ekki skrifaðar niður. Til dæmis umgengnis- og kurteisireglur.

### Hvað má og hvað ekki? Bls. 76–77

**Kennari:** Við búum öll í samfélagi og þurfum að taka tillit til annarra. Eitt af því sem þarf til að lífið í samfélögum gangi vel eru reglur. Bæði skrifaðar reglur svo sem lög landsins, umferðareglur og skólareglur en ekki síður óskráðar reglur sem tengjast til dæmis kurteisi og tillitsemi.

Hvað telst glæpur breytist með þróun samfélaga. Á Íslandi er algengt að fólk eignist börn án þess að vera gift. Um það bil þrjú af hverjum tíu börnum sem fæðast á Íslandi eiga foreldra sem eru giftir. Fyrr á tímum var ógiftu fólki bannað að eignast börn. Ef ógift fólk eignaðist börn samt sem áður þá þurfti það að borga háar sektir. Sektir fyrir barneign ógifts fólks voru afnumdar árið 1812.

### Hópverkefni nemenda:

Ræðið saman í hópnum og svarið eftirfarandi spurningum:

- Hver er munurinn á skráðum og óskráðum reglum?
- Skrifu niður að minnsta kosti þrjár skráðar reglur eða lög sem hafa bein áhrif á daglegt líf ykkar.
- Hvað gerist ef þessar reglur eru brotnar?
- Skrifu niður að minnsta kosti þrjár óskráðar reglur sem hafa bein áhrif á daglegt líf ykkar.
- Hvað gerist ef þessar reglur eru brotnar?

Kynnið niðurstöður ykkar í bekknum og hlustið á kynningar hinna hópanna. Völdu hóparnir svipuð lög og reglur?

**Tengd verkefni úr bókinni:** Verkefni 1 og 2 bls. 8

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

MMS: Lífið fyrr og nú - [Refsingar bls. 18](#)

Vísindavefurinn: [Hvað er Stóridómur?](#)

### Lagið um það sem er bannað bls. 78–79

**Kennari** [spilar lagið](#) fyrir nemendur og/eða syngur það með bekknum. Síðan stjórnar kennari umræðum í bekknum um spurningarnar efst á bls. 79.

### Verkefni nemenda:

Kennari skiptir bekknum upp í hópa og skiptir bönnunum fimmtán sem koma fram í textanum á milli hópanna þannig að hver hópur fái til dæmis þrjú „bönn“. Verkefni hópanna er að finna ástæður þess sem er bannað, ef þær eru fyrir hendi. Til dæmis: Það má ekki pissa bak við hurð vegna þess að þá kemur vond lykt og aðrir geta stigið í pissið. Ef nemendur finna ekki ástæðu banns þá rökstyðja þeir hvers vegna bannið sé ástæðulaust. Til dæmis: það er ekki fallett að gefa ketti drullumall, en það er óþarfi að banna það því kettir hafa vit á því að éta ekki drullu.

### Aukaspurningar:

Hvers vegna skammast fullorðið fólk? Skamma krakkar aðra krakka? Hvað er hægt að gera annað en að skammast, ef einhver til dæmis hjólar inni í búð?

### Aukaverkefni:

- Sumt af því sem er bannað í laginu á líklega ekki við ykkur. Það er til dæmis ólíklegt að þið hjólið inni í verslunum eða pissið bak við hurð.
- Reynið að búa til nýja útgáfu af textanum sem á betur við ykkur.

### Til dæmis:

Það má ekki skrolla heila nótt

Þegar mamma' og pabbi sofa rótt...

**Tengt verkefni í bókinni:** Verkefni 4 bls. 83

## Reglur í fjölskyldunni bls. 80

**Kennari:** Samningar geta verið bæði munnlegir og skriflegir. Munnlegur samningur er ekki skrifaður niður. Munnlegir samningar eru yfirleitt jafngildir skriflegum samningum, þó það geti verið erfitt að sanna hvað um var samið.

**Viðbót við spurningar** neðst á síðunni:

- Til hvers eru samningar?
- Hefur þú einhvern tímann skrifað undir samning?
- Hefur þú gert munnlegan samning?

### Verkefni nemenda:

Búðu til uppkast að samningi um eitthvað sem má eða má ekki gera á heimili. Þú getur miðað við þitt heimili eða heimili sem þú skapar í huganum.

Samningurinn á að vera skriflegur. Hann þarf að minnsta kosti að innihalda eftirfarandi:

- **Heiti:** Um hvað fjallar samningurinn. Til dæmis: Samningur um skjátíma.
- **Staður og dagsetning:** Hvar og hvenær samningurinn er undirritaður. Til dæmis: Hrafnseyri 17. 06. 2023.
- **Um hvað er samið:** Til dæmis: Skjátími barna á heimilinu skal vera í mesta lagi tvær klst. á dag á virkum dögum og þrjár klst. á dag um helgar og í fríum. Skjátími sem notaður er til að leysa skólaverkefni telst ekki með.
- **Gildistími samnings:** Hvenær tekur samningurinn gildi og hvað gildir hann lengi? Til dæmis: Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir í eitt ár.
- Neðst þarf að vera **pláss fyrir undirritun** þeirra sem eru að semja.

Langar þið að nota samninginn þinn? Þá getur þú borið hann undir fjölskyldu þína og reynt að semja!

**Tengt verkefni í bókinni:** Verkefni 6 bls. 83

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Vísindavefurinn: [Geta börn gert samninga og t.d. tekið lán á Netinu?](#)

## Reglur í skólanum bls. 80

### Umræður í bekknum:

- Hvaða reglur gilda í skólanum þínum?
- Hvar getur þú lesið þær?
- Eru sérstakar bekkjarreglur?
- Finnst þér eitthvað vanta í skóla- eða bekkjarreglurnar? Er einhverju ofaukið?

Ef bekkurinn er sammála um að vilja bæta einhverju við, eða fella eitthvað úr skóla- eða bekkjarreglunum getur kennari hjálpað þeim að búa til rökstudda skriflega tillögu til skólayfirvalda.

**Tengt verkefni í bókinni:** Verkefni 5 bls. 83 í bókinni.

### Verkefni nemenda:

Hvaða óskrifuðu reglur gilda í skólanum? Nemendur vinna í hópum sem fá ákveðinn tíma, til dæmis 15 mínútur til að skrifa niður allar óskrifaðar reglur sem þeim koma í hug. Athugið að hér er ekki verið að leita að réttum eða röngum svörum, aðeins upplifunum nemenda og þekkingu þeirra á óskráðum reglum þess umhverfis sem þeir hrærast í.

Þegar tíminn er liðinn kynna hóparnir niðurstöður sínar og kennari og/eða ritarar bekkjarins skrifa reglurnar á skjá eða töflu. Þegar niðurstöður allra eru komnar á blað skoðar bekkurinn þær í sameiningu. Til dæmis:

- Eru niðurstöður hópanna líkar eða ólíkar?
- Er hægt að flokka óskráðu reglurnar? Sem dæmi um flokka má nefna reglur tengdar mat, umgengnisreglur í sameiginlegum rýmum, reglur sem tengjast útisvæði, hreinlætis/sóttvarna reglur, kurteisisreglur, reglur tengdar fatnaði og tísku, reglur tengdar snjalltækjum og snjalltækjanotkun og svo framvegis.
- Eru einhverjar af þessum óskráðu reglum óþarfar? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Fara flestir eftir óskráðu reglunum?
- Eru einhverjar reglur sem langflestir fara eftir og einhverjar sem bara sumir fylgja?
- Hvað gerist ef fólk fylgir ekki þessum óskráðu reglum?

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

MMS: [Ég og sjálfsmyndin - Skólinn](#) og [Ég og sjálfsmyndin - kennsluleiðbeiningar bls. 27-28](#)

## Reglur í samfélaginu bls. 81

### Umræður í hópum.

Nemendur fá til dæmis fimmtán mínútur til að svara eftirfarandi spurningu:

- Hvers vegna brýtur fólk reglur?
- Hugsaðu þér að þú sért að spila íþrótt þar sem dómari og línuverðir fylgjast með leiknum og það er auk þess myndeftirlit á vellinum. Samt brýtur þú reglu. Hvers vegna gerir þú það?
- Skrifðu niður allt sem ykkur dettur í hug.

Að umræðum loknum kynna hóparnir niðurstöður sínar í bekknum. Kennari og/eða ritara bekkjarins skrifa niðurstöðurnar jafn óðum á töflu eða skjá.

Bekkurinn skoðar niðurstöðurnar saman og veltir fyrir sér spurningunni: Eiga einhverjar af þessum ástæðum við í samfélaginu almennt?

**Tengt verkefni í bókinni:** Verkefni 7 á bls. 83.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

MMS: [Ég og sjálfsmyndin bls. 23](#), Ég og sjálfsmyndin - [Kennsluleiðbeiningar bls. 26-27](#)



Markmið þessa kafla eru meðal annars að efla hæfni nemenda til að skilja hvernig leitast er við að halda uppi lögum og rétti í landinu, kynna þeim réttindi sín og skyldur sem tengjast lögum og dómskerfi og gefa þeim nokkra innsýn í störf lögreglu og dómstóla.

### Lykilhugtök kaflans

**Ofbeldi** er þegar einhver veldur öðrum líkamlegum eða andlegum skaða.

**Dómstóll** er opinber stofnun þar sem dómara dæma í ýmsum málum.

**Hegningarlög** eru lög sem fjalla um refsingar við lögbrotum.

**Afbrot** er það að fremja glæp, að gera eitthvað sem er ólöglegt.

**Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna** er alþjóðlegur samningur um réttindi barna og skyldur stjórnvalda til að tryggja þessi réttindi.

**Deila eða deilumál** er þegar tveir eða fleiri aðilar eru ósammála um eitthvað og rífast eða rökræða um það.

**Sakamál** eru opinber mál sem lögreglan rannsakar og sendir til saksóknara ef ástæða er til.

**Einkamál** (hér) er mál sem einstaklingar eða aðrir einkaaðilar kæra og fara með fyrir dóm.

**Verjandi** er lögfræðingur sem ver þann eða þá sem eru ákærðir.

**Saksóknari** er lögfræðingur sem höfðar mál fyrir hönd ríkisins og annast flutning þeirra.

**Lögfræðingur** er manneskja sem hefur lokið prófi í lögfræði.

**Barnaverndarnefnd** er opinber nefnd skipuð af sveitarstjórnnum. Hlutverk barnaverndarnefndar er að vernda börn og styðja fjölskyldur.

**Afbrotamál** eru mál sem tengjast glæpum.

**Saksóknari** er lögfræðingur sem höfðar mál fyrir hönd ríkisins og annast flutning þeirra.

**Handtaka** er það þegar lögreglan tekur afbrotafólk eða fólk sem grunað er um afbrot fast.

**Að vera vitni** er að vera áhorfandi, áheyrandi að einhverju.

**Að bera vitni** er að segja frá því sem þú veist fyrir dómi.

**Afbrot** er það að fremja glæp, að gera eitthvað sem er ólöglegt.

**Að yfirheyra einhvern** er að fá viðkomandi til að segja það sem hann veit um eitthvað.

**Dómari** er manneskja sem dæmir. Til dæmis í réttarsal eða á íþróttavelli.

**Sakhæfi** eru eiginleikar brotamanns (glæpamanns) sem segja til um hvort hægt sé að dæma viðkomandi til refsingar eða ekki. Börn yngri en 15 ára eru t.d. ekki sakhæf og fólk sem er mjög andlega veikt getur líka verið ósakhæft.

**Fíkn** er það að vera háður einhverju og fá fráhrarfseinkenni ef neyslu er hætt.

**Vísbending** er merki um eitthvað.

**Sektarkennd** er það að fá samviskubit.

## Ósætti og refsingar bls. 84–85

### Umræður

Spurningar til að ræða í bekknum eða í minni hópum:

- Hvað þýðir að vera jöfn fyrir lögnum?
- Hvers vegna heldur þú að það gildi aðrar reglum um börn sem brjóta af sér en fullorðna?
- Hvað segir Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um börn og refsingar?

**Tengd verkefni í bókinni:** Verkefni 7 bls. 95

## Hvernig er hægt að leysa úr deilumálum? bls. 86

Umræður um myndina á blaðsíðu 86. Skoðið myndina vandlega. Eru einhver lög brotin hérna? (Lausaganga hunda er bönnuð í þéttbýli og umsjónarmaður hunds skal ávallt þrifa upp skít eftir sinn hund). Manneskjan í glugganum ætlar að hringja á lögregluna. Getur hún gert eitthvað annað? Hvað þá?

### Hópvinna:

Búið til stutta sögu eða myndasögu þar sem eftirfarandi kemur fram:

- Hvað er búið að gerast áður en hundurinn kemur og skítur í garðinn þennan dag?
- Hvað eru Jónas og manneskjan í glugganum búin að reyna að gera?
- Hvernig endar þetta?
- Kynnið söguna í bekknum og hlustið á sögur hinna hópanna.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Dómstólasýslan: [Hver er munurinn á sakamálum og einkamálum?](#)

Kids Academy: [Teaching Laws, Rights, and Responsibilities to Kids](#)

## Barnasáttmálinn bls. 87

**Kveikja:** [Barnasáttmáli tíu ára](#)

### Verkefni nemenda:

- Vinnið saman í hóp og kynnið ykkur Barnasáttmálann.
- Veljið svo eina grein sáttmálans. Búið til skýringarmynd sem útskýrir greinina. Það þarf að koma fram um hvaða grein sáttmálans er að ræða, en annars ráðið þið hvort þið hafið texta með myndinni eða ekki.
- Kynnið myndina ykkar í bekknum og hlustið á kynningar hinna hópanna. Hengið myndirnar upp í skólanum, á almenningsbókasafni eða öðrum stað sem bekkurinn velur í samráði við kennara.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

[Barnasáttmálinn](#)

Á síðunni barnasattmali.is er [úrval verkefna sem tengjast Barnasáttmálanum](#)

## Sakamál bls. 88

### Umræður í bekknum um myndina á blaðsíðu 88:

Skoðið myndina vandlega. Hvað er að gerast hér? Hvers konar brot hefur verið framið? Hvers vegna hleypur Palli í burtu? Er hægt að vita hver braut skýlið út frá því sem kemur fram á myndinni? Hvernig getur lögreglumaðurinn komist að því?

### Spurningar út frá textanum – hópavinna.

Hér er tilvalið að skipta bekknum í tvennt, þannig að helmingur hópanna skoðar mál Stínu og Jóa (hér fyrir neðan) og hinn helmingurinn mál Gulla og Viðars úr verkefni 4 bls. 94 í bókinni.

*Stína og Jói brjótast inn í fyrirtæki og stela tækjum. Þau nást á hlaupum með þýfið í fanginu. Stína og Jói eru bæði 18 ára. Skrifðu það sem gerist næst í réttri röð. Leitið ykkur upplýsinga í textanum á bls. 88. Þið þurfið ekki að skrifa sögu eða frásögn - bara atburðina í tímaröð.*

Til dæmis svona:

- Stína og Jói brjótast inn um glugga í kjallaranum.
- Þau grípa tölvur og skjávarpa.
- Öryggiskerfið fer af stað.

...

Leitið hjálpar hjá öðrum hópum ef þið lendið í vandræðum. Þegar þið eruð tilbúin þá skuluð þið setjast með öðrum hóp og bera atburða rásirnar ykkar saman. eru þær líkar eða ólíkar? Leiðréttið atburðarásina ef eitthvað er ekki rétt eða ef eitthvað vantar.

**Tengd verkefni úr bókinni:** Verkefni 4 á bls. 94 og verkefni 6 bls. 95

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Dómstólasýslan: [Hver er munurinn á sakamálum og einkamálum?](#)

## Lögregla bls. 89

### Umræður í bekknum:

Hvað stendur á merki íslensku lögreglunnar? Hvað þýðir það?

### Verkefni nemenda – hópverkefni.

Veljið ykkur eitt af eftirfarandi verkefnum:

- Aflið ykkur [upplýsinga um lögregluna](#) og skrifið stuttan texta um hlutverk og verkefni lögreglunnar.
- Aflið ykkur [upplýsinga um vaktarana](#). Teiknið mynd af vaktara og skrifið nokkrar línur um verkefni þeirra.
- Aflið ykkur upplýsinga um [starfsstig lögreglunnar](#). Skrifðu stuttan texta þar sem þið útskýrið mismunandi störf innan lögreglunnar.

## Börn sem vitni bls. 90

**Kveikja:** Myndband tengt efninu, til dæmis [Tölum um ofbeldi](#) eða [Stuttmynd fyrir börn um að segja frá](#)

### Umræða í bekknum:

- Hvað er að vera vitni?
- Hvar getur þú fengið hjálp ef þú verður vitni að glæp? (T.d. einhver fullorðinn sem þú treystir, 112, kennari, hjúkrunarfræðingur, Umboðsmaður barna)
- Hvar getur þú fengið hjálp ef þú verður fyrir afbroti?
- Hvert getur þú leitað ef þú gerir eitthvað sem er bannað, til dæmis skemmir eigur annarra, beitir ofbeldi eða leggur í einelti?

**Tengd verkefni úr bókinni:** Verkefni 5, 7 og 8 bls. 95 í bókinni

## Börn sem brjóta af sér bls. 91

### Umræður í bekknum:

Skoðið orðið sak-hæfis-aldur. Út hvaða orðum er það sett saman? (sök/hæfi/aldur). Hvað haldið þið að það þýði að einhver sé sakhæfur eða ekki?

**Tengt verkefni í bókinni:** Verkefni 9 bls. 95

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

Geðhjálp – Réttindagátt: [Ósakhæfir brotamenn](#)

## Dómstólar bls. 92–93

### Umræður

Kennari skoðar nöfn dómstólanna með nemendum. Nöfnin eru samsett og lýsandi.

### Verkefni nemenda:

Lesið saman bls. 92. Hugsið ykkur að dómstólarnir væru dómstig í boltaíþrótt. Hvað væri þá fyrsta dómstigið? En annað og þriðja?

**Tengd verkefni úr bókinni:** Verkefni 2 og 3 bls. 94 í bókinni

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

Stjórnarráð Íslands – [Dómstólar](#)

Vísindavefurinn: [Hvaðan kemur sú hefð að lögmenn og dómarar klæðist skikkjum í réttarsölum?](#)

Markmið þessa kafla eru meðal annars að efla hæfni nemenda til að skilja rafrænan heim nútímans, þar á meðal fjölmiðla, fréttir og falsfréttir, samfélagsmiðla, góð og slæm samskipti á netinu, stafrænt ofbeldi og net- og tölvufíkn.

### Lykilhugtök kaflans

**Samfélagsmiðlar** eru forrit og vefsíður þar sem notendur birta eigið efni, svo sem birta myndir, texta og tónlist og eiga samskipti við aðra notendur á netinu. Tik Tok, Instagram og X eru dæmi um samfélagsmiðla.

**Fjölmiðlar** dreifa upplýsingum til mikils mannfjölda á stóru svæði og senda eða gefa reglulega út efni. Til dæmis dagblöð, fréttasíður, útvarp og sjónvarp. Fagfólk, til dæmis blaðamenn og fréttaljósmyndarar, búa til efni fyrir fjölmiðla.

**Falsfréttir** eru gervifréttir, þær eru ekki sannar. Falsfréttir eru oft samdar til að blekkja fólk og hafa áhrif á skoðanir þess.

**Heimild** er uppruni upplýsinga, til dæmis bók, blaðagrein eða vefsíða.

**Stafrænt ofbeldi** er ofbeldi sem fer fram á netinu í gegnum tölvur og snjalltæki.

**Kynslóð** er fólk í samfélaginu sem er á líkum aldri, til dæmis fólk fætt á árunum 1960-1980.

**Hatursumræða** er tal eða skrif sem ræðst gegn fólki og kyndir undir hatur, til dæmis vegna kynþáttar, trúar, kyns, fötlunar eða kynhneigðar.

**Einelti** er ofbeldi sem nær yfir lengri tíma, þar sem einn eða fleiri ráðast að einum.

**Ofbeldi** er þegar einhver meiðir eða skaðar viljandi.

**Líkamlegt ofbeldi** er þegar einhver meiðir eða skaðar líkama annarrar manneskju

**Andlegt ofbeldi** er þegar einhver lætur öðrum líða illa viljandi.

**Kynferðislegt ofbeldi** er þegar einhver gengur yfir mörk annarra með kynferðislegu tali eða athöfnum.

**Stafrænt ofbeldi** er ofbeldi sem fer fram á netinu í gegnum tölvur og snjalltæki.

**Gullna reglan** er regla sem allir eiga að fylgja. Hugtakið gullna reglan vísar í Biblíuna. Þar hljómar gullna reglan svona: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“ Það þýðir að þú átt að koma fram við annað fólk eins og þú vilt að það komi fram við þig.

**Kynslóð** er fólk í samfélaginu sem er á líkum aldri, til dæmis fólk fætt á árunum 1960-1980.

**Úrræðagóð** manneskja er lausnamiðuð og flink leysa vandamál.

## Hvað er að fréttu? bls. 96 og 97

### Umræður:

- Hvað eru fjölmiðlar?
- Hvaða fjölmiðla þekkir þú?
- Hvað eru samfélagsmiðlar?
- Hvers vegna heldur þú að þeir heiti samfélagsmiðlar (e. Social media)?
- Hver er munurinn á fjölmiðlum og samfélagsmiðlum?

### Verkefni nemenda:

- Það er kallað fréttamat, þegar fréttafólk ákveður hvort atburðir komast í fréttirnar eða ekki. Hvað þykir fréttæmt (eigl erindi í fréttir) er mismunandi eftir einstaklingum, fjölmiðlum, þjóðum og mörgum öðrum þáttum.
- Vinnið saman í hópum og skoðið fyrstu þrjár erlendu fréttirnar í stórum fréttamiðlum frá að minnsta kosti fimm löndum. Notið vélþýðingar til að átta ykkur á tungumálum sem þið skiljið ekki. (Til dæmis DR, SVT, NRK, BBC, NYT, YLE, KVF)
- Skrifid niðurstöðurnar niður, til dæmis svona:

Ísland- ruv.is:

- ESB vill örugga leið fyrir vistir inn á Gaza (stríð)
- Fjöldamorð í Maine (USA) (glæpir)
- Kóranbrennuvargi vísað úr Svíþjóð (glæpir)

Danmörk - dr.dk

- Gervihnattamyndir sýna eyðileggingu á Gaza (stríð)
- Úkraínumenn segjast tilbúnir til að ganga í Evrópusambandið (stríð)
- Evrópusambandið þrýstir að mannúðarhjálp verði hleypt til Gaza (stríð)

Berið saman niðurstöðurnar á milli landa. Er munur á því sem er efst á baugi?

Hvers konar fréttir eru mest áberandi?

- Setjist niður með öðrum hóp og berið saman niðurstöður ykkar.

### Umræður:

- Hvernig fréttir eru mest áberandi á Íslandi? En annars staðar?
- Tengd verkefni í bókinni: Verkefni 1-3 á bls. 99 og verkefni 1 bls. 115

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Ég og sjálfsmyndin, [verkefni 5-7 bls. 21](#); Ég og sjálfsmyndin - Kennsluleiðbeiningar bls. 21-23

Vísindavefurinn: [Hvað er frétt?](#)

## Upplýsingaöld bls. 98–99

**Kennari:** Í lok sjötta áratugarins voru svo til allir sveitabæir á landinu komnir með talsíma. Símarnir voru samtengdir með allt að 20 bæjum á hverri línu. Þegar hringt var heyrðist hringingin í öllum símunum á sömu línu. Hver bær átti sína sérstöku hringingu sem samanstóð af stuttum eða löngum tónum. Hver sem er á línunni gat tekið upp símann og hlerað, án þess að aðrir yrðu þess varir.

### Hópverkefni nemenda:

Veljið eitt af eftirfarandi verkefnum, eða búið til eigið viðtalsverkefni sem tengist efni kaflans. Fylgið leiðbeiningunum sem koma fram í þessu skjali.

- Sveitasíminn. Aflið ykkur upplýsinga um sveitasímann með því að taka viðtal við manneskju sem man eftir sveitasímanum.
- Fyrsti farsíminn. Aflið ykkur upplýsinga um hvernig fólk upplifði komu farsíma til Íslands með því að taka viðtal við manneskju sem er fædd 1976 eða fyrr.
- Fyrstu heimilistölvurnar. Aflið ykkur upplýsinga um hvernig fólk upplifði það að prófa tölvu í fyrsta sinn með því að taka viðtal við manneskju sem er fædd 1960 eða fyrr.

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

[Á ferð um samfélagið, kennsluleiðbeiningar - Að taka viðtal](#)

Bændablaðið: [Stutt - stutt - löng](#)

Byggðasafn Vestfjarða: [Talsíminn í Neðsta](#)

Landshagskýrslur fyrir Ísland 1908 – [Talsímar](#)

Inga Katrín D. Magnúsdóttir: [„Það er helvítis lygi, ég er ekkert að hlusta!“ Sveitasíminn: söguleg alvara og samfélagslegt grín](#)

## Er það satt og falsfréttir? bls. 100 og 101

### Kennari:

Tilgangur falsfrétta getur verið margs konar. Sumum er ætlað að hafa áhrif á skoðanir fólks, til dæmis í tengslum við kosningar. Aðrar eiga að vekja ótta og kynda undir fordóma. Stundum dreifir fólk röngum upplýsingum í hagnaðarskyni, það er, til að selja vörur eða þjónustu.

Hér getur hentað að byrja á spurningunum neðst á síðu 100. Ef nemendur kannast ekki við að hafa séð falsfréttir eða rangar upplýsingar á netinu getur kennari beint athygli þeirra að sjálfskipuðum „sérfræðingum“ á samfélagsmiðlum sem gefa alls konar ráð sem eru meira og minna bull. Megrunnarráð eru mjög algengt dæmi um þetta.

### Verkefni nemenda: Hafið þið heyrt um villt haggis?

Haggis er skoskur matur, svipaður slátri. Villt haggis (Haggis scoticus) er skálduð dýrategund sem sögð er vera frá skosku hálöndunum. Skepnan er sögð vera með mislanga fætur til að auðvelda henni að ganga í bröttum hlíðum. Myndum og frásögnum af villtu haggis hefur verið dreift á TikTok og fleiri samfélagsmiðlum, þar sem fólk frá Skotlandi hefur tekið þátt í gríninu í athuga-semdakerfinu með því að láta eins og villt haggis sé raunverulegt dýr.

- Aflið ykkur upplýsinga um villt haggis og skoðið myndir af „skepnum“.
- Skapið eigin furðuskepnu í anda villta haggissins út frá íslenskum aðstæðum og hefðum.
- Reynið að hafa skepnuna hæfilega trúverðuga.
- Skrifnið lýsingu á skepnum, lifnaðarháttum hennar og útliti.

- Teiknið mynd af skepnum. Þið getið líka prófað að búa til mynd eða myndband af skepnum í myndaforriti eða með gervigreind.
- Finnið leið til að leyfa öðrum að njóta furðuskepunnar ykkar. Til dæmis með því að halda sýningu, safna furðuskepnum bekkjarins í sameiginlega furðuskepnumbók eða á annan hátt sem ykkur dettur í hug.

**Tengd verkefni úr bókinni:** Verkefni 5 bls. 117 í bókinni.

#### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Vísindavefurinn: Hvað eru [falsfréttir](#)

Atlas Obscura: [The Myth and Mystery of Scotland's Wild Haggis](#)

Wikipedia: [Wild haggis](#)

## Ekkert hatur bls. 102

#### Umræður:

Hvað þýðir „orðum fylgir ábyrgð“? Getur þú útskýrt það með dæmi?

#### Kveikja:

Kennari sýnir myndband sem tengist viðbrögðum við hatursorðræðu. Til dæmis [What is a hate speech](#) eða [5 Ways to Deal with Hate Speech Online](#). Eftir myndbandið stjórnar kennari umræðum um efni myndbandsins þar sem bekkurinn tekur saman góð ráð til að bregðast við hatri á netinu og í lífinu almennt. Hér er gott að hvetja nemendur til að bæta eigin ráðum og hugmyndum við ráðin í bókinni og í myndbandinu.

#### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

[SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni](#)

DO Social Media: [What is Hate Speech?](#)

Facing Facts: [What is hate speech?](#)

Common Sense Education: Teen Voices: [Hate Speech Online](#)

UN: [Hate Speech & the Consequences Explained](#)

## Netið hefur breytt lífi fólks bls. 103–104

#### Umræður:

Hefur þú farið í frí eða dvalið einhvers staðar þar sem ekki var netsamband? Hvernig var það? Ef ekki, hugsaðu þér að þú sért að fara sumarhús í viku þar sem netið næst ekki. Hvernig heldur þú að það væri?

#### Verkefni nemenda:

Skoðið saman síðu 104.

- Hvaða galla netsins er verið að sýna á blaðsíðunni? Getur þú bætt jafn mörgum atriðum við listann?
- Netið hefur ekki aðeins galla heldur líka marga góða kosti. Getur þú skrifað lista með jafn mörgum kostum netsins?
- Berðu listann þinn saman við lista bekkjarfélaga. eru listarnir líkir eða ólíkir?



## Hversu mikil netnotkun? Bls. 105

### Heimaverkefni nemenda:

Hvað notar þú mikinn tíma á netinu á dag? Gerðu könnun í einn dag þar sem þú skrifar niður tímann í hvert sinn sem þú ferð á netið. Það skiptir engu hvort tíminn er langur eða stuttur, allur tími á netinu telur. Þú getur til dæmis notað minnismiða í símanum, eða blað í stílabók.

Skráðu tímann til dæmis svona:

7:45 - 8:00 - TikTok

9:15 - 10:15 - skóli - leit að upplýsingum

12:00 - 12:15 - Spjall í skilaboðum

Og svo framvegis.

- Í lok dags, eða morguninn eftir leggur þú saman tímann og færð út netnotkun dagsins. Í næsta tíma leggur bekkurinn saman nettíma allra nemenda og finnur meðaltal bekkjarins.
- Kemur talan ykkur á óvart? Hvernig þá?
- Þarf að hafa áhyggjur af þessari tölu? Hvers vegna/hvers vegna ekki? Hér gæti ein leið verið að hver og einn ræður því hvort upplýsingunum er deilt. Einhverjir gætu sett sér markmið um að draga úr notkun á meðan aðrir sjá að þeir eru bara í góðum málum. Þarna er líka hægt að skoða hvernig tíminn í símanum er notaður, eru nemendur aðallega á samfélagsmiðlum, að skrifa/lesa skilaboð, í leikjum o.s.frv.?

**Tengd verkefni úr bókinni:** Verkefni 4–5 á bls. 99 í bókinni.

## Tölvufíkn bls. 106–108

### Umræða:

Hvað er fíkn? Getur þú útskýrt það með dæmum?

Kennari fer yfir efni bls. 106-8 með hópnum, útskýrir hugtök og svarar spurningum.

### Verkefni nemenda:

- Skoðaðu punktana á síðunni vandlega, í einrúmi eða með einhverjum sem þú treystir. Hversu margir (ef einhverjir) þeirra eiga við þig? Ef þig grunar að tölvu og/eða snjalltækja notkun sé orðin vandamál í þínu lífi þá skaltu ræða það við einhvern sem þú treystir.
- Skoðaðu ráðin á bls. 108. Getur þú bætt við nokkrum ráðum? Skrifaðu ráðin þín hjá þér.
- Síðan safnar bekkurinn öllum ráðunum saman. Hvað viljið þið gera við góðu ráðin ykkar? Finnið leið til að leyfa öðrum að nýta ráðin ykkar.

**Tengd verkefni úr bókinni:** Verkefni 2 og 3 á bls. 116 í bókinni.

## Má setja hvað sem er á netið? Bls. 109

### Kveikja

Kennari les eftirfarandi ljóð eða sýnir bekknum það.

Eitt bros — getur dimmu í dagsljós breytt,

sem dropi breytir veig heillar skálar.

Þel getur snúizt við atorð eitt.

Aðgát skal höfð í nærveru sálar.

Svo oft leynist strengur í brjósti sem brast

við biturt andsvar, gefið án saka.

Hve iðrar margt líf eitt augnakast,

sem aldrei verður tekið til baka.

Úr Einræðum Starkaðar eftir Einar Benediktsson

### Verkefni nemenda og umræðupunktur:

- Um hvað fjallar þetta ljóð? Bekkurinn hjálpast að við að umorða ljóðið yfir á auðskiljanlegt nútímamál. Það er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að nota eigin orð. Það er hægt að skipta ljóðlínum á milli hópa eða fá bekkinn til að vinna verkefnið saman.

- Hér er dæmi um orðalag:

Eitt bros getur breytt því hvernig fólki líður (breytt (andlegu) myrkri í birtu).

Dropi af til dæmis lit eða eitri sem settur er út í glas breytir öllum vökvanum í glasinu.

Þannig getur ein lítil athöfn eða orð haft mikil áhrif á umhverfið.

Eitt óvingjarnlegt orð getur látið fólki líða illa.

Það þarf að fara varlega með fólk.

Fólki getur liðið mjög illa ef því er svarað hranalega.

Margir sjá alla ævi eftir einhverju sem þeir sögðu eða gerðu.

- Hvenær heldur þú að þetta ljóð hafi verið ort? (Einræður Starkaðar komu út í ljóðabókinni Vogar árið 1921)
- Á þetta ljóð við í dag? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Þetta ljóð var ort löngu áður en netið var fundið upp. Hvað segir það okkur um neikvæð samskipti fólks og einelti á netinu? (Ekki nýtt vandamál - gamalt vandamál sem nú fær meiri og hraðari dreifingu og slagkraft)

**Tengd verkefni úr bókinni:** Verkefni 4 og 7 bls. 116 í bókinni.

## Stafrænt ofbeldi bls. 110

### Umræður:

- Hver er munurinn á því að hrópa ljót og ógnandi orð að manneskju á götunni eða skólalóðinni og því að skrifa sömu orð um manneskjuna á netið?
- Hvort er auðveldara fyrir manneskjuna sem hrópar eða skrifar ljótu orðin?
- Hefur þú séð ljótar athugasemdir á netinu? Hvernig leið þér? Sagðir þú einhverjum frá þeim?

**Kveikja:** Kennari sýnir nemendum myndina á bls. 56 úr bókinni Kyn, kynlíf og allt hitt.

**Umræður um myndina:** Hvernig finnst ykkur svar Ómars? En spurning Miu?

### Verkefni nemenda:

Skoðaðu myndina af skjánum neðst á bls. 100.

- Hvað ætti viðtakandinn að gera næst?
- Á að svara svona? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Ætti viðtakandinn að gera eitthvað fleira?

**Tengd verkefni úr bókinni:** Verkefni 6 bls. 116 í bókinni

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Vísindavefurinn: [Hvað er einelti?](#)

SAFT – [Samfélag, fjölskylda og tækni](#)

## Áður en þú byrjar bls. 111

Kennari les reglurnar með nemendum.

### Umræður:

- Getið þið nefnt dæmi sem tengjast reglunum?
- Er hægt að ljúga með myndum? Hvernig þá?
- Hvað þýðir „að virða einkalíf annarra“? Getið þið nefnt dæmi?
- Hvers vegna á ekki að deila nafni og mynd af manneskju sem er sökuð um að gera eitthvað, fyrr en sekt er sönnuð?

Hér er einnig tilvalið að kennari sýni nemendum (eða rifji upp) myndina á bls. 67 í bókinni

[Ég og sjálfsmýndin](#) og stjórn umræðum um hana.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

[SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni](#)

Stop Hate UK -[Online Hate](#)

Kyn, kynlíf og allt hitt: [Kynfærin bls 56](#)

Ég og sjálfsmýndin: [Samskiptamiðlar og kynlíf bls. 66-67](#) og Ég og sjálfsmýndin - [Kennsluleiðbeiningar bls. 64-65](#)

Ég og sjálfsmýndin: [Ofbeldi bls. 80-81](#) og Ég og sjálfsmýndin - [Kennsluleiðbeiningar bls. 76-77](#)

## Z–X–Y kynslóðirnar bls. 112–114

### Kveikja:

Kennari skoðar lýsingarnar á kynslóðunum með bekknum og staldrar sérstaklega við myndirnar.

### Umræður

- Kannast krakkarnir við allt sem er á myndunum?
- Hugsid um manneskjur sem þid þekkid vel sem tilheyra kynslóðunum sem nefndar eru í bókinni. Passar kynslóðalýsingin við fólkid sem þid þekkid? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

### Verkefni nemenda:

Fólk sem fæddist/mun fæðast á árunum 2010–2025 kallast stundum Alfa (Alpha) kynslóðin.

- Vinnið saman í hópum og útbúið lýsingu á Alfa kynslóðinni (ykkar kynslóð). Lýsingin á að vera svipuð á lengd og lýsingarnar í bókinni og hún á að vera myndskreytt.
- Reynið að hafa lýsinguna þannig að hún lýsi Alfa kynslóðinni bæði eins og hún er núna (á barnsaldri) og líka hvernig þid haldið að þessi kynslóð verði þegar hún verður fullorðin.
- Hvernig viljid þid setja lýsinguna ykkar upp? Viljid þid útbúa veggspjald, glærusýningu, leikrit eða eitthvað allt annað?
- Þegar þid eruð tilbúin þá kynnið þid lýsinguna í bekknum og hlustið á kynningar hinna hópanna.
- Munið að hér eru engin rétt eða röng svör!

Tengt verkefni úr bókinni: Verkefni 8 á bls. 117 í bókinni.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Britannica: [Generation Alpha](#)

[What Comes After Gen Z - Will Gen Alpha Be Ok?](#)

## ÚT AÐ AKA bls. 118–132

Markmið þessa kafla eru meðal annars að hjálpa nemendum að bregðast skynsamlega við áskorunum og hættum úr umhverfinu og nærsamfélaginu, sérstaklega í tengslum við umferð og farartæki. Hér er einnig leitast við að gera nemendum auðveldara að fóta sig í umferðinni og að átta sig á eigin ábyrgð, réttindum og skyldum.

### Lykilhugtök kaflans

**Umferðarmerki** eru merki eða skilti með leiðbeiningum til vegfarenda

**Umferðarreglur** eru reglur sem segja okkur hvernig við eigum að haga okkur í umferðinni.

**Handfrjáls búnaður** er búnaður á síma eða öðru snjalltæki sem hjálpar notanda að nota tækið án þess að halda á því.

**Vélknúin** eru farartæki sem nýta vél eða rafmagn til að knýja þau áfram.

**Bifhjól** er sama og mótörhjól eða vélhjól

## Umferðarreglur bls. 119

### Umræður:

- Hvaða reglum fylgið þið í ykkar daglega lífi? (Skólareglur, umferðarreglur, leikreglur...)
- Getur þú útskýrt til dæmis orðin skólareglur, kurteisreglur og umferðarreglur, án þess að nota orðið reglur? ([Orð sem eru skyld orðinu regla má til dæmis finna hér.](#))
- Til hvers eru umferðarlög og umferðarreglur?
- Hvers vegna brjóta fullorðnir umferðarreglur?
- Hvers vegna brjóta börn umferðarreglur?
- Hefur þú brotið umferðarlög eða umferðarreglur? Hvernig þá?
- Hvers vegna braust þú lögin eða reglurnar?

### Verkefni nemenda:

Fer fólk eftir umferðarlögum? Vinnið saman í hópum og kannið umferðina í nágrenni skólans.

- Athugið að þið eru aðeins að fylgjast með! Ekki skipta ykkur af eða gera athugasemdir við fólk í umferðinni, hvort sem það brýtur lögin eða ekki.
- Þið þurfið að gæta vandlega að eigin öryggiog fara sjálf eftir umferðarlögum og reglum þegar þið framkvæmið könnuna.
- Passið líka að vera sýnileg, endurskinsvesti og/eða endurskinsmerki eru nauðsyn þegar dimmt er!
- [Hér er verkefni sem þið getið notað](#) – en þið getið líka búið til eigið könnunarblað
- Kynnið niðurstöður ykkar í bekknum og hlustið á kynningar hinna hópanna.

**Tengd verkefni í bókinni:** Verkefni 1 bls. 131

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

[Á ferð og flugi í umferðinni bls. 4; Á ferð og flugi í umferðinni - Kennsluleiðbeiningar bls. 5.](#)

## Umferðarmerki – til hvers? Bls. 120–121

### Kveikja:

[Úti í umferðinni - Merkin í umferðinni](#), myndband frá umferðarvef Samgöngustofu

### Verkefni nemenda:

Kennari skiptir bekknum í fjóra hópa og úthlutar hverjum hóp einum flokki umferðarmerkja. Verkefni hópanna er að búa til skemmtilegt spil um sinn flokk umferðarmerkja. Til dæmis minnispil, látbragðsspil (actionary) eða eitthvað allt annað.

Þegar hóparnir eru tilbúnir kenna þeir bekknum eða öðrum hóp að spila spilið.

**Tengd verkefni í bókinni:** Verkefni 2 á bls. 131

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

[Á ferð og flugi í umferðinni bls. 5-7 - bls. 20-21](#) og [bls. 18-19](#) ; [Á ferð og flugi í umferðinni - Kennsluleiðbeiningar bls. 6 og bls. 9](#),

Vegagerðin – [Umferðarmerki](#)

Ökukennarafélag Íslands – [Umferðarmerkin](#)

Samgöngustofa – Umferðarvefurinn: [Ég og umferðin](#)

## Farartæki barna og unglunga bls. 122–125

### Umræður:

- Hvað er farartæki?
- Orðið farartæki er samsett orð. Úr hvaða orðum er það búið til?
- Þekkir þú önnur orð yfir farartæki? (samgöngutæki, tæki til að ferðast á, fararskjóti, farkostur, samgöngutæki, ökutæki, hreyfivél, flutningatæki)

Kennari skoðar myndirnar á bls 122 og 125 með bekknum og biður nemendur að benda á það sem betur mætti fara. Einnig getur verið gott að skoða þessa mynd, í sama tilgangi.

### Kveikja:

[Úti í umferðinni - Öruggr á hjólinu](#), myndband frá umferðarvef Samgöngustofu.

### Verkefni nemenda:

Hvaða farartæki sem börn og unglingar mega nota finnst þér mest spennandi? Aflaðu þér upplýsinga um það farartæki og búðu til kynningarefni um það. Þar þarf að minnsta kosti þetta að koma fram:

- Heiti farartækisins.
- Helstu eiginleikar. (Er það vélknúið, hvernig er það notað?)
- Hvaða lög og reglur gilda um farartækið? (Aldurstakmark, hvar má nota það, öryggisbúnaður og fleira)
- Hvaða kosti hefur þetta farartæki?
- Hvaða galla hefur þetta farartæki?
- Hvaða slys eru algengust þegar farartækið er notað?
- Hvernig er hægt að minnka líkur á slysum tengdum farartækinu?

Kynntu farartækið þitt í bekknum og hlustaðu á kynningar annarra.

**Tengd verkefni í bókinni:** Verkefni 3 bls. 131

## Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Samgöngustofa – Umferðarvefurinn: [Ég og umferðin](#)

Vís: [Rafhlaupahjól og öryggi](#)

[Á ferð og flugi í umferðinni bls. 11-14](#) og bls. [22-23](#) ; [Á ferð og flugi í umferðinni - Kennsluleiðbeiningar bls. 8-10](#),

Hjólum og njótum/ Kennsluleiðbeiningar, [Reiðhjólahljálmar – stilling og umgengni bls. 12](#) og [Farsæld á reiðhjóli bls. 15](#)

## Slys á börnum bls. 126

### Kennari:

Hvað er sagt við ykkur þegar þið farið út í umferðina? (Passaðu þig í bílunum! Mundu að líta til beggja hliða! Notaðu gangbrautina! Farðu varlega!)

### Hópverkefni:

Ræðið eftirfarandi spurningar og skrifið svörin niður.

- Hvað geta börn gert sjálf til að forðast slys?
- Hvað geta fullorðnir gert til að koma í veg fyrir að börn slasist í umferðinni?
- Vantar eitthvað í ykkar nærumhverfi sem myndi auka öryggi barna? Til dæmis gangbrautarljós, lýsingu, hraðahindrun og svo framvegis?
- Er hægt að breyta hugarfari ökumanna? Til dæmis fá þá til að aka hægar og einbeita sér betur að akstrinum?

Takið saman tillögur hópanna. Ef það koma fram góðar tillögur til úrbóta, þá getur bekkurinn í sameiningu fundið leið til að koma þeim á framfæri til fólks sem hefur ákvörðunarvald á ykkar svæði. (Til dæmis að senda erindi til borgar-, bæjar-, eða sveitarstjórnar).

**Tengd verkefni í bókinni:** Verkefni 5 bls. 132

## Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Samgöngustofa: [Börn í bíl](#)

Samgöngustofa: [Öryggi barna í bíl – fræðslumynd](#)

Samgöngustofa: [Umferðarslys á Íslandi 2022 bls. 49](#)

## Neyðarlínan bls. 127

### Æfum okkur að hringja í Neyðarlínuna!

Þetta verkefni byggir ofan á verkefni 4 á bls. 132 í bókinni.

Kennari sýnir nemendum þennan lista og biður þá að leggja listann á minnið:

- **Hvar** er atburðurinn?
- **Hvað gerðist?**
- **Hvenær?**
- **Hver** ert þú?
- **Hversu** margir?
- **Hvernig** líður hinum slasaða/þeim slösuðu?

Síðan er listinn tekinn niður og nemendur reyna að muna hvaða upplýsingar eiga að koma fram og í hvaða röð, því við verðum ekki með lista í vasanum þegar eitthvað kemur fyrir. Kennari skiptir nemendum í hópa sem eiga að æfa sig „hringja“ í Neyðarlínuna.

Hver hópur byrjar á því að skrifa niður stutta lýsingar á slysi eða atburði á blað eða miða. Í hverri lýsingu þarf að minnsta kosti að koma fram hvar atburðurinn átti sér stað, **hvað gerðist** og **hvenær**. Kennarinn getur sýnt dæmin hér fyrir neðan til að koma nemendum af stað:

1. Þú ert á gangi fram hjá skólanum þegar barn dettur úr klifurgrindinni. Barnið liggur kyrrt á jörðinni, það andar en hreyfir sig ekki. Klifurgrindin er á leikvelli aftan við Stóraskóla. Þetta er um kvöld og það eru engir aðrir nálægt.
2. Þú ert að hjóla í skólann þegar þú sérð að bíll keyrir á barn á gangbraut. Barnið fellur í götuna og grætur hátt. Bíllinn keyrir hratt í burtu. Gangbrautin er við gatnamótin á Brekkustíg og Skógarstíg.
3. Þú og vinur þinn sjáið manneskju liggja á jörðinni. Hún virðist ósjálfbjarga og þið eruð ekki viss um hvað er að. Manneskjan svarar ekki þegar þið reynið að tala við hana. Manneskjan liggur upp við gáma á bak við sundlaug Suðurbæjar.

Hóparnir skiptast á lýsingum, til dæmis með því að setja lýsingarnar í pott og draga.

Síðan æfa hóparnir sig að „hringja“ í Neyðarlínuna. Einn nemandi í hverjum hópi leikur neyðarvörð sem „svarar“.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

[Samtal við 1-1-2](#)

[Samskipti við neyðarvörð, gagnvirkt myndband](#). Athugið að í seinni hluta myndbandsins er alvarlegum áverkum lýst og stemningin í myndbandinu er nokkuð ógnvænleg.



## Öryggisbelti bls. 128

Kveikja: Kennari sýnir myndband um bílbelti. Til dæmis þetta.

### Til umhugsunar:

- [Fyrsti bíllinn kom til Ísland árið 1904](#). Hvenær haldið þið að lög um notkun öryggisbelta hafi verið sett á Íslandi? (Bílbeltaskylda var sett í lög árið 1981 - en aðeins í framsætum!) Það var ekki [fyrir en árið 1990](#) sem það varð skylda að nota öryggisbelti og barnabílstóla í aftursætum.
- Hvers vegna haldið þið að það hafi tekið svona langan tíma að setja lög um bílbelti? (andstaða almennings, ótti við að festast í bíl, minni umferð og minni hraði.

### Ítarefni fyrir nemendur og kennara:

Samgöngustofa: [Smellum saman](#) (auglýsing)

Transport For NSW – Crash Test: [Belted vs Unbelted Passengers](#)

AutoMotoTV: [Demonstration crashes - Importance of child restraints](#)

## Endurskinsmerki bls. 129

### Kveikja:

Myndband um endurskinsmerki. Til dæmis [Úti í umferðinni - Sjáumst í myrkri](#). Myndband frá Samgöngustofu, [Endurskinsmerki tilraun](#) eða [2019 Traffic Safety Conference Nighttime Visibility Video](#)

### Umræður:

- Notar þú endurskinsmerki? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Það er skylda að nota bílbelti. Hvers vegna ætli það sé ekki skylda að nota endurskinsmerki?
- Finnst þér að það ætti að vera skylda að nota endurskinsmerki í myrkri? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

**Verkefni:** Hannið ykkar eigin endurskinsmerki.

### Ítarefni fyrir kennara og nemendur:

Ísland.is – [Endurskin](#)

Neytendastofa – [Endurskinsmerki](#)

[Nemendur hanna sitt eigið endurskinsmerki.](#)